

Aron Jóhannsson

**ÍSLENDINGURINN Í BANDARÍSKA LANDSLIÐINU** ▶18



Heba Björg

**TÓK SÉNSINN OG FLUTTI TIL INDLANDS** ▶42


568 5000 NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
3. ágúst 2013
181. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## RÍSANDI STJARNA

**Sigríður María Egilsdóttir er fulltrúi nýrrar kynslóðar kvenna. Hún sigraði í Morfís í ár, hefur slegið í gegn á Youtube með jafnréttisfyrirlestri, leikur í nýrri bíómynd og kynntist kærastanum þegar hann var að læra til kaþólsks prests en hann gaf þann draum upp á bátinn fyrir ástina.** ▶ 16



**LINDA BJÖRG EINBEITIR SÉR AÐ EIGIN HÖNNUN** ▶ 42



**HVATNING FRÁ JÓNI JÓNSSYNI**

Íslenskunördinn Einar Lövdahl sendir frá sér sína fyrstu plötu. ▶ 12

**FYNDNASTA STELPAN Í LANDSLIÐINU**

Bakvörðurinn Hallbera Guðný Gísladóttir er kölluð Halle Berry af stelpunum okkar. ▶ 36




HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
Mikið úrval • Frábær gæði • Betri verð
www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

LYFJA - Lífið heil
Verslunarmannahelgin
Opið alla helgina
- einnig mánudag
Lyfja Lágmúla kl. 08–01
Lyfja Smáratorgi kl. 08–24



Útsölu brjálæði
Opið til kl. 18
Smáralind

**ÓTTAST EKKI 4**
Lögreglan segir væga dóma gera það að verkum að kannabis-ræktendur óttist ekki refsingar.

**VARASÖM FJÖLGUN 6**
Framkvæmdastjóri ferðaþjónustunnar segir mikla fjölgun hótel-herbergja í miðborginni varasama.

**LÍFSTÍÐARFANGELSI 8**
Foreldrar hins fjögurra ára Daniels Pelka fengu lífstíðardóm fyrir að verða honum að bana.

## SKOÐUN 10

**FERSKUR ANDBLÆR Í PÓLITÍSKRI LOGNMOLLU**
Þorsteinn Pálsson um ferskan andblæ úr menntamálaráðuneytinu og kerfisbreytingar.



## HELGIN 12→22

**RÍSANDI STJARNA 16**
Hin nítján ára gamla Sigríður María Egilsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið.

**UMDEILD ÁKVÖRÐUN 18**
Hver er þessi ungi Grafarvogsbúi sem setti allt á hliðina með því að ákveða að spila fyrir bandaríska fótbolta-landsliðið?

**LAUGAVEGURINN Á HJÓLI 22**
Þótt göngufólk sé í miklum meirihluta á leiðinni mili Landmannalauga og Þórsmerkur eru hjólagarpar farnir að færa sig upp á skaftið.





## MENNING 32→42

**VELGENGNI ER BLEKKING 32**
Nicolas Winding Refn segir í viðtali við Fréttablaðið að velgengni sé blekking.

**EINBEITIR SÉR AÐ EIGIN HÖNNUN 42**
Linda Björg Árnadóttir lætur af störfum sem fagstjóri fatahönnunardeildar LHÍ.



## SPORT 36

**ÆTLAÐI EKKI AÐ BORÐA SUSHI Í MÁNUÐ**
Grín Hallberu Guðnýjar Gísladóttur rataði inn á borð dýraverndunarsamtaka en hún fullyrðir að gullfiskurinn Sigurwin lifi góðu lífi.






## FIMM Í FRÉTTUM KJARABARÁTTA OG KNATTSPYRNA



**Ásthildur Cecil Þórðardóttir**, garðyrkjustjóri og íbúi á Ísafirði, er ósátt við áform bæjaryfirvalda um að kaupa af henni húsið vegna meintrar snjóflóðahættu. Hún segist ekki fá sambærilegt hús fyrir verðið sem bærinn býður.



**Katrín Sigurðardóttir**, formaður Félags íslenskra geislafræðinga, var í eldlínunni í vikunni þar sem geislafræðingar deildu við stjórnendur Landspítalans um kjör sín. Deilan leystist á miðvikudagskvöld en enn er óljóst hvort allir muni snúa aftur til vinnu.



Leikstjórinn **Baltasar Kormákur** frumsýndi nýjustu mynd sína 2 Guns, í vikunni. Hún hefur fengið ágætar móttökur og er búist við því að bíógestir vestanhafs muni flykkjast á hana um helgina.



**Eiríkur Egilsson**, bóndi á Seljavöllum og formaður Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga, vill heimild til að skjóta álftir sem leggjast á olíurepjuakra.



→ Knattspyrnukappinn **Aron Jóhannsson** afréð í vikunni að gefa kost á sér í bandaríska landsliðið í knattspyrnu en ekki hið íslenska. Sú ákvörðun féll í misjafnan jarðveg þar sem mörgum, þar á meðal forseta KSÍ, þótti hún illskiljanleg, en aðrir stóðu með Aroni og hans sýn á málið.



**JÓHANNA FRÁ VAGUR** Færeyingarnir létu ekki sjöhundruð kílómetra af opnu hafi stoppa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Sigldu frá Færeyjum á Þjóðhátíð í Eyjum

Hópur eldri manna sigldi á gamalli tréskútu frá Færeyjum til að upplifa Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Meðalaldurinn um borð er 65 ára og mennirnir eru komnir til að skemmta sér um helgina áður en þeir halda aftur til Færeyja á þriðjudaginn.

**FÓLK** „Við byrjuðum að sigla frá Færeyjum á þriðjudaginn klukkan sex og lentum hérna í Vestmannaeyjum klukkan eitt þarsíðustu nótt,“ segir Guðmundur Kárason Jakobsen í samtali við Fréttablaðið.

Guðmundur er í hópi Færeyinga sem tók sig til og sigldi á gamalli skútu frá Færeyjum til að upplifa stemninguna á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

„Sjórinn var fínn en okkur vantaði vind alla leiðina. Það var of lítill vindur en það var ofsalega fallegt veður. Veðrið var eiginlega allt of gott til að sigla,“ segir Guðmundur.

„Við ætlum að skemmta okkur eins mikið og við getum með öllu fólkinu hérna. Þetta er í fyrsta sinn sem við gerum þetta,“ bætir hann við.

### Mikill mannfjöldi kominn til Eyja

„Herjólfur er búinn að vera kjaftfullur í allan dag,“ segir Hörður Orri Grettisson meðlimur þjóðhátíðarnefndar.

„Miðað við forsölu á miðum í Herjólfsdal stefnir í svipaða hátíð og í fyrra en allar líkur eru á því að sunnudagurinn verði stærri en í fyrra. Við reiknum með 14-15 þúsund manns á sunnudeginum,“ bætir hann við.

Hann segir alla vera búnir að haga sér vel í ferðinni en meðalaldur skipverja er 65 ár. Flestir þeirra hafa sótt sjó frá Vestmannaeyjum í gegnum tíðina.

„Klukkan fjögur í dag fáum við stóra og góða máltíð um borð og svo förum við í dalinn og ætlum að skemmta okkur með öllum hérna í Vestmannaeyjum. Það sem er ofsalega gaman fyrir mig er að ég er hálfur Vestmannaeyingur líka svo að ég hitti alla í fjölskyldunni núna,“ segir Guðmundur.

Skútan liggur í höfninni í Vestmannaeyjum þar sem hópurinn gistir. „Skútan liggur við höfn með færeyska fánann að aftan og þann íslenska að framan,“ segir hann.

„Við förum aftur til Færeyja eftir hádegi á þriðjudaginn. Við sjáum til hvernig veðrið verður,“ segir Guðmundur Kárason Jakobsen.

johanness@365.is

Rannsókn á harkalegri handtöku á Laugavegi komin á lokametrana:

# Málið á borði ríkissaksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á máli lögreglumannsins sem sakaður er um harkalega handtöku á Laugaveginum í byrjun júlí er nú komin á lokastig.

„Við kláruðum yfirheyrslur sömu viku og málið kom á borð til okkar og það er búið að ganga frá nánast öllu af okkar hálfu,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Embætti sérstaks saksóknara var falið að aðstoða embætti ríkissaksóknara við rannsókn málsins.

„Öll helstu gögn eru komin til ríkissaksóknara,“ segir Ólafur.

Hann segir myndband sem náðist af atburðinum munu verða notað sem hluti af gögnum málsins.

„Að sjálfsögðu, það er gagn í málinu og er til þess fallið að varpa ljósi á það sem gerðist en það er einmitt það sem við erum að reyna að gera,“ segir Ólafur.

Framhald málsins ræðst af ákvörðun ríkissaksóknara. -js



**HANDTAKA** Rannsókn málsins er langt á veg komin.



Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.
Hefðbundið 3G kerfi styður 14.4 Mb/s hámarkshraða en 4G/LTE kerfi Nova styður 150 Mb/s hámarkshraða. Algengur hraði til notenda í 3G er um 2-4 Mb/s en í 4G um 20-40 Mb/s.

## 28.07.2013 → 3.08.2013

**600**
Kanadíska orkufyrirtækið Methanex fjárfesti í íslenska metanólfyrirtækinu Carbon Recycling International fyrir 600 milljónir króna.

**88** leitarmenn tóku þátt í þremur umfangsmiklum leitum að fimm erlendum ferðamönnum á þriðjudag og fram á miðvikudag.

**300.000**
Icelandair flutti yfir 300 þúsund farþega í júlímánuði og var þetta farþegamet.



**80,66**
Guðmundur Sverrisson úr ÍR beið í níu ár eftir risakastinu. Hann kastaði 80,66 metra um síðustu helgi.

**500** Viðmælendur í þættinum Sjálfstætt fólk, sem verið hefur á dagskrá Stöðvar 2 í 13 ár, eru hátt í 500.

**900**
Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust um 900 tilkynningar um heimilisofbeldi í fyrra, að því fram kemur í ársskýrslu embættisins.

**100**
Engar vísbendingar um mansal hafa komið fram í um 100 vændismálum sem lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur skoðað, að því er segir í skýrslu ríkislögreglustjóra.

**806**
Í fyrsta Reykjavíkurmaraþoninu, sem haldið var 1984, hlupu 56 þátttakendur maraþon en 806 í fyrra.

**8%**
Aðeins 8% heimilistækja reyndust með réttar orkumerkingar þegar Neytendastofa kannaði 300 vörur í 14 raftækjaverslunum.



**REGNBOGABÖRN** Eydís Helena Evensen og Bríet Ólína Kristinsdóttir selja sykurfrauð í góða veðrinu á Lækjartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Selja sykurfrauð á Lækjartorgi til styrktar Regnbogabörnum:

# Selja sætt til að berjast við stríðni

**FÓLK „Við verðum hérna alla helgina á Lækjartorgi að selja ýmislegt til styrktar Regnbogabörnum," segir Bríet Ólína Kristinsdóttir.**

**Bríet og Eydís Helena Evensen vinkona hennar munu bjóða upp á ýmsan varning til sölu eins og sykurfrauð, lopapeysur, gosdrykki og fleira á Lækjartorgi um helgina. Allur ágóði rennur til Regnbogabarna.**

**„Stjúppabbi minn er Stefán Karl Stefánsson og við fengum hugmyndina frá honum. Við erum að vinna frítt og salan er búin að vera ágæt. Það er góð veðurspá um helgina svo við vonum að fólk komi og styrki gott málefni ef það verður í bænum," segir Bríet.** - js

Banaslysið á Langjökli:

# Bráð veikindi orsökuðu slysið

**LÖGREGLUMÁL** Banaslysið á Langjökli þar sem taívanskur karlmaður á sextugsaldri lést kom til vegna bráðra alvarlega veikinda sem ollu því að maðurinn missti stjórn á vélsleða sem hann ók.

Áverkarnir sem hlutust af slysinu urðu banamein mannsins.

Þetta er niðurstaða bráðabirgðakrufningar á manninum.

Endanlegrar niðurstöðu er ekki að vænta í bráð en lögreglan á Selfossi fer með rannsókn málsins. - js

Lögregla lýsir eftir vitnum:

# Ráðist á konu um miðjan dag

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður réðst á rúmlega fimmtuga konu á skokki á Fífuhvammsvegi við Smáralind á milli klukkan tvö og þrjú á fimmtudag. Konan sagði að maðurinn, sem var einn á ferð, hefði slegið til sín upp úr þurru. Hún hafi hrasað við og maðurinn þá sparkað í hana áður en hann hljóp á brott.

Nokkur umferð var við götuna og auglýsir lögreglan eftir vitnum að árásinni. - sh

# Kannabisræktendur óttast ekki refsingu

**Íslenski kannabismarkaðurinn er orðinn sjálfum sér nógur. Innflytjendur einbeita sér að harðari efnum. Skipuleggjendur kannabisræktar nota millimenn í skítverk og telja sig ósnertanlega. Eftirspurnin eftir kókaíni hrundi með bankakerfinu.**

**LÖGREGLUMÁL** Nokkrir einstaklingar sem skipuleggja umfangsmikla kannabisrækt hér á landi hafa af henni umtalsverðar tekjur. Með því að notast við millimenn telja þeir sig ekki þurfa að óttast refsingu, að því er fram kemur í skýrslu Ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi.

Í skýrslunni segir að íslenski kannabismarkaðurinn sé nú orðinn sjálfum sér nógur. Innflytjendur á fíkniefnum kjósi heldur að flytja inn sterkari efni á borð við amfetamín.

Eftirspurn eftir kannabisefnum hefur aukist. Ríkislögreglustjóri telur að skipuleggjendur kannabisræktunarinnar leggi nú áherslu á fleiri en smærri ræktanir.

Aukin áhersla á heimaræktun tengist að mati ríkislögreglustjóra ekki eingöngu hruninu og erfiðleikum við að fjármagna innflutning. Í skýrslunni er bent á að sama þróun eigi sér nú stað víðar.

Þrátt fyrir að lögregla og tollgæsla hafi á síðustu mánuðum stöðvað mjög stórar amfetamínsendingar til Íslands virðist framboðið stöðugt. Eftirspurnin eftir amfetamíni hér er mikil og viðvarandi.

Ríkislögreglustjóri telur erlenda hópa umsvifamikla á amfetamínmarkaðinum, einkum hópa frá Litháen og Póllandi.

Í skýrslunni kemur fram að innflutningur á dýrari fíkniefnum á borð við kókaín hafi minnkað frá því á árunum fyrir bankahrunið. Veruleg eftirspurn var eftir slíkum efnum árið 2008, en nú hefur eftirspurnin dregist saman. Ástæðan sem ríkislögreglustjóri gefur fyrir þeirri þróun eru minni fjárráð fíkniefnaneytenda.

Mikið hefur borið á nýrri tegund fíkniefna í Bandaríkjunum. Efnin eru í mörgum tilvikum tæknilega séð lögleg, en þau eru búin til í efnaverksmiðjum í Suðaustur-Asíu. Efnin finnast ekki í lyfjaskrám og því ekki skráð ólögleg. Um leið og lyfin hafa verið greind og orðin ólögleg geta framleiðendur breytt efnaformúlunni lítillega til að búa til nýtt efni sem þá þarf að finna, greina og banna.

Í Bandaríkjunum hafa um ellefu prósent ungmenna á aldrinum 17 til 18 ára prófað þessi efni. Ríkislögreglustjóri telur tilkomu og ört vaxandi markaðshlutdeild þessara efna áhyggjuefni.

brjann@frettabladid.is



**KANNABIS** Lögreglan kom á tímabili upp um nokkurn fjölda stórra kannabisræktana. Nú virðast þeir sem skipuleggja ræktunina vilja fleiri en smærri ræktanir svo það geri minna til þó lögreglan finni einhverjar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Misnotkun á stúlkum þykir viðbjóðsleg

Kynferðisleg misnotkun á stúlkum sem leiðst hafa út í neyslu fíkniefna er algeng og viðtekin, segir í skýrslu Ríkislögreglustjóra. Þar segir að menn sem hafi árum og jafnvel áratugum saman tengst íslenskum undirheimum „fyllist viðbjóði" þegar þeir lýsi þeim veruleika.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NORÐLÆGAR ÁTTIR** Í dag verður bjart með köflum S- og V-til en annars þungbúnara og væta með köflum. Á morgun dregur úr úrkomu og á mánudaginn verður úrkomulítið að mestu leyti og nokkuð bjart. Góða helgi!




**Á morgun**
Víða 5-13 m/s, hvassara SA-til.




**Mánudagur**
Lægir er líður á daginn.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Berlín | 33° | Friedrichshafen | 29° | Las Palmas | 27° | New York | 26° | París | 27° |
| Aþena | 33° | Billund | 26° | Gautaborg | 26° | London | 23° | Orlando | 32° | San Francisco | 18° |
| Basel | 33° | Frankfurt | 30° | Kaupmannahöfn | 26° | Mallorca | 35° | Ósló | 26° | Stokkhólmur | 25° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ALLT FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA







Popcorners




Coke 12 dósir í pakka




Bestu molarnir
frá Freyju




ÖLL NÝJUSTU TÍMARITIN Í HAGKAUP




Spennandi súkkulaði




Pik-Nik kartöflustrá




GRILLMARINERAÐ LAMBALÆRI
1819KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598




ARABÍU MIÐLÆRISSNEIÐAR
2379KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3399




KRYDDLEGNAR LAMBATVÍRIFJUR
2542KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3389

Gildir til 5. ágúst á meðan birgðir endast.

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

## GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG

*„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara - hráefnið fæst í Hagkaup"*




*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, salt og pipar.*

999 kr/pk



**MORTHENS**
*„Það er gott að elska"*
*Bubbi Morthens*



**STÓRI BÓ**
*„Það er ekki gó fyrr en Bó segir gó"*
*Björgvin Halldórsson*



**GRÍSARIF**
*Grísarif Fabrikkunnar eru forelduð og þarf aðeins að hita.*

1499 kr/pk

## OPIÐ UM VERSLUNARMANNAHELGINA

| | Skeifan Eiðistorg Garðabær Akureyri | Smáralind Spöngin Holtagarðar | Kringlan | Borgarnes Njarðvík Selfoss |
|---|---|---|---|---|
| LAU 3. ÁGÚST | 24 TÍMA | 10-20 | 10-20 | 10-18 |
| SUN 4. ÁGÚST | 24 TÍMA | 12-20 | LOKAÐ | 12-18 |
| MÁN 5. ÁGÚST | **24 TÍMA** | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ |

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Tíu ára drengur í Þýskalandi:

## Fann múmíu á háloftinu hjá ömmu

**ÞÝSKALAND** Tíu ára drengur hefur fundið múmíu á háaloftinu í íbúð ömmu sinnar í bænum Diepholz í Þýskalandi. Frá þessu er skýrt á vefsíðum BBC.

Pabbi drengsins, sem er tannlæknir, ætlar með múmíuna til Berlínar til að láta sérfræðinga kanna hvort hún sé ósvikin. Sjálfur telur pabbinn líklegt að faðir sinn, afi drengsins, hafi komið með múmíuna til Þýskalands upp úr miðri síðustu öld, eftir að hann var á ferðalagi í Norður-Afríku. - gb

Deloitte í hart vegna tugmilljóna ráðgjafar við kaup á Heklu:

## Stefnir Franz og Friðberti

**DÓMSMÁL** Endurskoðunarskrifstofan Deloitte hefur höfðað dómsmál á hendur viðskiptafélögunum Franz Jezorski og Friðberti Friðbertssyni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýst málið um ráðgjöf sem Deloitte veitti tvímenningunum við undirbúning kaupa þeirra á bílaumboðinu Heklu. Ágreiningur er uppi um hvernig reikna skuli þóknun fyrir ráðgjöfina og var ákveðið að skjóta þeim ágreiningi til dómstóla.

Heimildir blaðsins herma að þóknunin nemi tugum milljóna.


FRANZ JEZORSKI


FRIÐBERT FRIÐBERTSSON

Franz og Friðbert keyptu Heklu af Arion banka snemma árs 2010. Samstarf þeirra var hins vegar skrykkjótt, eins og Viðskiptablaðið greindi frá, og það endaði með því að Friðbert keypti Franz út úr bílaumboðinu. Upphaflega stóð til að því yrði öfugt farið, að Franz keypti Friðbert út, en Franz sagði starfsfólki Heklu á einum tímapunkti að Friðbert hefði ekki tekist að fjármagna viðskiptin. - sh

➜ Ágreiningur er uppi um hvernig reikna skuli þóknun fyrir ráðgjöfina.

Uppnám í Kaupmannahöfn:

## Handsprengja á Íslandsbryggju

**DANMÖRK** Útisundsvæðið við Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn var rýmt í gærmorgun eftir að vegfarandi rak augun í nokkuð sem líktist handsprengju. Frá þessu segir á vef Politiken.

Sprengjusveitin var kölluð til og komst að því að þar var sannarlega um handsprengju að ræða, að öllum líkindum bandaríska frá tímum seinna stríðs. Hún reyndist þó óvirk og gátu baðgestir snúið aftur til fyrri iðju um 45 mínútum eftir að svæði hafði verið rýmt. - þj

**HÓTELHERBERGJUM FJÖLGAR UM 25 PRÓSENT Á NÆSTU ÁRUM**




# Hótel rísa í hrönnum í höfuðborginni

Með nýjum hótelum sem reist verða á næstu árum á höfðuborgarsvæðinu mun hótelgistirýmum fjölga um fjórðung gangi áætlanir eftir. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar telur fjölgunina varasama.

Hótelgistirýmum í höfuðborginni mun fjölga um fjórðung á næstu árum ef áætlanir um ný lúxushótel í Reykjavík ganga eftir. Varla líður vika án þess að fjallað sé um áætlanir um að reisa eigi hótel í höfuðborginni, en í vikunni sem leið var Icelandair hótel að staðfesta byggingu á 142 herbergja hóteli á Hljómalindarreitnum svokallaða og kaupsamningur var undirritaður um hótellóð við Hörpu þar sem 250 herbergja hótel á að rísa.

Miðað við áætlanir verða þrjú ný hótel í höfuðborginni opnuð á næstu árum og hótelrýmum mun fjölga um 750. Nú þegar eru um 3.000 þriggja til fjögurra stjörnu hótelrými á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt Samtökum ferðaþjónustunnar.

lovisa@frettabladid.is

**HVAÐ SEGIR FAGFÓLKIÐ UM MIKLA FJÖLGUN HÓTELHERBERGJA Í MIÐBORGINNI?**


**Magnea Þórey Hjálmarsdóttir**
framkvæmdastjóri Icelandair hótela

„Ef tekið er mið af spám um fjölgun ferðamanna til landsins næstu 20 árin þá er tímabært að styrkja innviði ferðaþjónustu borgarinnar enn frekar og skapa meiri tekjur af seldri þjónustu en nú er. Nýtt hótel Icelandair hótela mun uppfylla kröfur ört vaxandi markhóps, betur borgandi farþega, um meiri þægindi og lúxus,“ segir Magnea Þórey Hjálmarsdotir hjá Icelandair hótelum.


**Erna Hauksdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar telur mikla fjölgun hótelgistirýma á skömmum tíma heldur varasama. „Það er ljóst að þetta er mjög mikil aukning á einu bretti og það verður þörf á mikilli markaðssetningu ef það á að halda svipaðri herbergjanýtingu og tekjum á hvert herbergi. Það þarf á sama tíma að uppræta leyfislausa og svarta gististarfsemi svo við getum byggt upp heilbrigðan gistirekstur hér í borginni sem annars staðar,“ segir Erna. Ferðaþjónustuaðilar hafa margir áhyggjur af þessu en spár um fjölgun ferðamanna næstu 20 árin sýna að vert er að styrkja innviði ferðaþjónustu borgarinnar enn frekar til að skapa meiri tekjur af seldri þjónustu.


**Ólafur Torfason**
eigandi Íslandshótela

Ólafur Torfason, eigandi Íslandshótela, hefur ekki áhyggjur af fjölgun hótelrýma og segir landið verða að geta hýst þessa gríðarlegu fjölgun ferðamanna. „Ég hef meiri áhyggjur af því að ekki verði til næg hótelrými á næsta ári, áður en öll þessi fínu hótel verða opnuð,“ segir Ólafur, en bæði hótelið á Höfðatorgi og hótelið á Hljómalindarreitnum stefna að því að opna árið 2015.

Nú þegar hafa þó nokkur hótel verið opnuð á þessu ári og má þar nefna Reykjavík Lights Hótel á Suðurlandsbraut og Black Pearl á Tryggvagötu.

KOLAPORTIÐ



OPIÐ ALLA HELGINA
– LÍKA Á MÁNUDAGINN



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

N1



# VEGABRÉF

## SUMAR 2013

### SAFNAÐU STIMPLUM OG ELTU SÓLINA ALLA LEIÐ TIL TENERIFE Í SUMAR

Fjöldinn allur af meiriháttar vinningum og heppin fjölskylda stimplar sig í vikudvöl á suðrænni sólarströnd. Vinningur í hverjum stimpli.

Skilaðu fullstimpluðu vegabréfi inn á næstu þjónustustöð N1 og þú ert komin(n) í pottinn.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ENN 65038 08/13



Nýjar reglur í Noregi:

## Reykbann á leikvöllum

**NOREGUR** Börn í Noregi eiga nú rétt á reykfríu umhverfi hvar sem þau eru stödd, hvort sem það er innanhúss eða utandýra. Þetta þýðir að börn mega ekki verða fyrir óbeinum reykingum á til dæmis leikvöllum. Þessar nýju reglur tóku gildi þann 1. júlí síðastliðinn, að því er greint er frá á fréttavef Aftenposten.

Bent er á að 80 prósent tóbaksreyks séu ósýnileg. Börn geti þess vegna orðið fyrir óbeinum reykingum þótt reykurinn sjáist ekki. - ibs

Móðir og stjúpfaðir fjögurra ára drengs sem lést eftir langvarandi ofbeldi og harðræði:

## Lífstíðardómur fyrir að valda dauða Daniels

**BRETLAND** Móðir og stjúpfaðir Daniels Pelka, fjögurra ára bresks drengs sem lést af völdum höfuðhöggs á síðasta ári eftir langvarandi ofbeldi, voru í gær dæmd til lífstíðarfangelsisvistar. Þau eiga í rétt á reynslulausn í fyrsta lagi eftir 30 ár.

Málið hefur vakið mikla athygli í Bretlandi, enda eru lýsingarnar á meðferðinni sem Daniel mátti sæta af höndum móður sinnar, Magdalenu Luczak, og stjúpföður sínum, Mariusz Krezolek, sláandi svo ekki sé meira sagt.

Drengurinn var sveltur kerfisbundið, laminn, kaffærður í baðkari, neyddur til að borða salt, neitað um að fara á salerni og oft lokaður aleinn inni í myrkvuðu herbergi, en við slíkar aðstæður lést hann einmitt í mars á síðasta ári. Þá var hann álíka þungur og átján mánaða gamalt barn og um það bil 30 áverka eftir ofbeldi var að finna á líkama hans. Þau neituðu bæði sök og bentu hvort á annað.

Dómarinn í málinu sagði sakborningana ekki hafa sér neitt til málsbóta. Ofbeldið hefði verið úthugsað yfir langan tíma og harðræðið og grimmdin sem þau hefðu beitt hefði verið ólýsanlegt.

Málið gæti enn dregið dilk á eftir sér þar sem nú stendur yfir úttekt á viðbrögðum lögreglu, félagsyfirvalda og skóla í heimaborg hans, Coventry.

Kerfið þykir hafa brugðist Daniel með því að bregðast ekki við fjölmörgum vísbendingum um hvað hann mætti þola, en Luczak og Krezolek náðu yfirleitt að ljúga sig út úr aðfinnslum með vef lyga. - þj



**ÓLÝSANLEG GRIMMD** Móðir Daniels Pelka og stjúpfaðir kvöldu drenginn um langa hríð áður en hann lést af völdum harðræðisins. Þau voru í gær dæmd til lífstíðarfangavistar.

# Siðleysingjum ekki viðbjargandi

Hollenskir vísindamenn kynntu nýverið rannsókn sem gefur til kynna að siðleysingjar búi yfir hæfileika til að kveikja og slökkva á samúð. Óttar Guðmundsson geðlæknir telur rannsóknina ótrúverðuga, segir reynsluna sýna að siðlausum sé ekki viðbjargandi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Hollendingarnir greina frá niðurstöðum sínum í vísindatímaritinu Brain en þær ganga þvert á það sem áður ar talið. Siðleysingjar hafa verið taldir ófærir um að finna til samúðar og eiga því til að fremja hina hræðilegustu glæpi án minnsta samviskubits. En, Hollendingarnir segja rannsóknir sínar skýra hvernig siðleysingjar fara að því að vera heillandi í samskiptum þegar þeim hentar en samviskulausir með öllu þegar sá gállinn er á þeim.

### Efast um rannsóknina

Óttar Guðmundsson geðlæknir hefur kynnt sér rannsóknina og hann hefur enga trú á henni; þetta stangast á við allt sem hann hefur reynt og lært í þessum efnum.

„Ég hef lesið útdráttinn og hef enga trú á þessari rannsókn og þessum niðurstöðum. Þetta er í svo miklu ósamræmi við það sem maður sjálfur hefur lært og kunnað. Ég hef hvorki séð þessa siðblindumenn sýna vott af samvisku né iðran í nokkru máli. Ég er hræddur um að þetta sé eitthvað málum blandið."

Óttar hefur haft siðblindingja til meðferðar og þekkir vel til þeirra. Hann segir að mikið hafi verið skrifað um þá og þeir rannsakaðir. Allt mögulegt hafi verið gert í þá veru að breyta þeim og lækna en ekkert gengið.

Umrædd rannsókn er talin vekja von um að siðblindingjum sé við bjargandi, að hægt sé að kenna þeim að kveikja á samúð með öðru fólki. Óttar hefur litla trúa á því miðað við sína reynslu af slíkum einstaklingum. Hollendingarnir gerðu tilraunir á átján afbrotamönnum sem greindir hafa verið með siðleysi og 26 manna viðmiðunarhópi.

### Lítill hópur þjáist af siðblindu

„Ég var svo lengi í áfengismeðferðinni og þekki þessa siðblindu einstaklinga. Það er náttúrulega búið að skrifa svo mikið um þá og rannsaka. Menn hafa ekki fundið að það sé hægt að breyta þeim. Ýmislegt hefur verið gert í þá veru og ekkert gengið í þeim efnum. Þetta er lítill hópur og erfitt að átta sig á því hvað þeir eru að gera. Þetta eru menn í fangelsi sem auðvelt er að rannsaka, þannig. Þeirra sérgrein er að haga seglum eftir vindi þannig að það er svo auðvelt að fá út þá niðurstöðu sem maður vill."

Óttar segir erfitt að meta hversu hátt hlutfall siðleysingja er á kreiki meðal fólks, allir hafa í sér einhvern skammt af siðleysi en þeir sem skilgreinast sem slíkir eru algerlega firrtir því að hafa samúð með öðrum; egóisminn er alger. „Það er erfitt að segja til um það. Mörkin eru óljós. Það er eitthvað siðleysi í okkur öllum; samviskuleysi sem kemur fram stundum. En það eru þessir menn sem eru algerlega siðblindir og hafa misst þann hæfileika til að finna samkennd eða samúð með öðrum. Það eru þeir sem við köllum siðblindingja, þeir sem hugsa eingöngu um sjálfa sig, eigin hagsmuni, hvað græði ég á þessu og svo framvegis. Þeir eru svona eitt til tvö prósent af fólki."

### Blundar í okkur öllum

Hin lága tala sem Óttar nefnir kemur á óvart í ljósi síðustu ummæla hans en hann virðist vera að lýsa hinum íslenska meðal-Jóni, fyrir og eftir hrun?

„Já, jújú. Það er eitthvað siðleysi í okkur öllum. Þriðja ríkið sem dæmi; þar tekurðu venjulega einstaklinga, kristna og gerir að siðblindingjum og morðingjum. Það er eitthvað í okkur sem getur komið fram við ákveðnar kringumstæður. Sumir segja að þetta hafi gerst í hruninu. Siðprúðir piltar fóru að hringja í gamalt fólk og segja þeim að leggja ævisparnaðinn í vafasöm fyrirtæki. En þeir sem skilgreindir eru siðlausir eru algerlega firrtir samúð og eru það frá upphafi."

Óttar hóf ungur afskipti af siðblindum: „í geðbransanum. Það var þegar ég var ungur maður, starfsmaður á Kleppsspítala á deild 10, í kringum árin 1968-1969. Þá spurði ég: Hvað verður um þessa menn? Hvenær læknast þeir. Þá var mér sagt að það væri erfitt að finna lækningu, en venjulega róuðust menn upp úr fimmtugu."

jakob@365.is



**ÓTTAR GUÐMUNDSSON** Hefur unnið með siðblindum um áratuga skeið.

### EINHVER SIÐBLINDA Í OKKUR ÖLLUM

**6400** Íslendingar eru siðblindir.

*að því gefnu að tvö prósent þjóðarinnar séu siðblind.*

**„Þetta eru menn í fangelsi sem auðvelt er að rannsaka, þannig. Þeirra sérgrein er að haga seglum eftir vindi þannig að það er svo auðvelt að fá út þá niðurstöðu sem maður vill.**

*Óttar Guðmundsson geðlæknir*

- Erfitt er að meta það en einhvers konar siðblinda fyrirfinnst í flestum og við ákveðnar aðstæður geta flestir umturnast í siðlausa einstaklinga.
- Siðblindum hefur verið lýst sem svo að þeir eigi einstaklega auðvelt með að heilla menn upp úr skónum en eru gersneyddir samúð með öðrum; þeim er ekki unnt að setja sig í spor annarra. Því snerta grimmilegir glæpir sem slíkir geta framið þá ekki hið minnsta. Allt snýst um eigin hagsmuni.
- Að mati Óttars Guðmundssonar geðlæknis er engin lækning til við siðblindu. Þar talar Óttar af áratuga reynslu en ný hollensk rannsókn, sem Óttar gefur ekki mikið fyrir, gefur til kynna að siðblindir geti slökkt og kveikt á samúðartakkanum að vild. Hollendingarnir gerðu rannsóknina á átján afbrotamönnum og höfðu 26 í viðmiðunarhópi.
- Gera verður ráð fyrir þeim möguleika að hinir siðblindu hafi einfaldlega vafið hinum hollensku vísindamönnum um fingur sér.





Óska eftir að kaupa
enskt english course tungumálnámskeið.
Vantar 2 námskeið.
Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið
Upplýsingar í 865-7013

## KOMMÓÐUR



**6.995**

**DURANGO KOMMÓÐUR**
Flottar, hvítar kommóður.
Fást í 3 stærðum:
3 skúffur
B71 x H68 x D32 sm. **6.995**
5 skúffur mjó
B41 x H108 x D32 sm. **9.995**
5 skúffur breið
B71 x H108 x D32 sm. **12.950**

høie
OF SCANDINAVIA

GOLD
EINSTÖK GÆÐI

HREIN EFNI

60°



FULLT VERÐ: 6.995

**5.995**

SPARIÐ **1.000**

**HÖIE DOWNFEEL KODDI**
HÖIE kynnir nýjan polyester kodda sem minnir í flesta staði á frábæran dúnkodda. Koddinn aðlagar sig vel að höfðinu og veitir hnakkanum góðan stuðning. Koddinn er ofnæmisprófaður og hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman.
Stærð: 50 x 70 sm.

KAUPTU 2 OG SPARAÐU **1000**



## BÓMULLARKREP

1 STK. 140 X 200 SM.

**2.995**

**COLE SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarkrep. Stærð: 140 x 200 sm. / 50 x 70 sm. Lokað með tölum.
2 stk. nú **4.990**

SPARIÐ **20.000**



120 X 200 SM.

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

FULLT VERÐ: 69.950

**49.950**

**BLUE SILK AMERÍSK DÝNA**
Góð amerísk dýna.
Stærð: 120 x 200 sm.
**Fætur og botn fylgja með.**

## MYRKVUNARGARDÍNA

20% AFSLÁTTUR



VERÐ FRÁ:

**1.995**

**DARK MYRKVUNARGARDÍNA**
Þykk og góð myrkvunargardína. Litur: Hvítt. Stærðir:
60 x 170 sm. áður **2.495** nú **1.995** 80 x 170 sm. áður **2.995** nú **2.395**
100 x 170 sm. áður **3.495** nú **2.795** 110 x 170 sm. áður **3.995** nú **3.195**
120 x 170 sm. áður **4.295** nú **3.435** 140 x 170 sm. **4.695** nú **3.755**
180 x 170 sm. áður **5.995** nú **4.795** 200 x170 sm. áður **6.495** nú **5.195**
90 x 250 sm. áður **4.495** nú **3.595** 150 x 250 sm. áður **5.995** nú **4.795**

## 100 LÍTRAR

SPARIÐ **500**



FULLT VERÐ: 4.495

**3.995**

Price Star



## FATASKÁPUR

**19.950**

**PRICE STAR FATASKÁPUR**
Glæsilegur fataskápur með 3 hurðum.
Litur: Hvítur St. B145 x H175 x D50 sm.

SPARIÐ **10.000**



YFIRDÝNA INNIFALIN

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

90 X 200 SM.

FULLT VERÐ: 49.950

**39.950**

Pokagormar | Svampur | Yfirdýna
Dönsk gæðaframleiðsla | 10 ár dýna Ábyrgð

**PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaði furu. Verð án fóta. Fætur verð frá: **5.995**

INTEX

GÓÐ KAUP



## GESTARÚM

**9.950**



**VELOUR COMFORT GESTARÚM**
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Vindsæng með innbyggðri rafmagnspumpu. Taska fylgir. Stærð: 157 x 203 x 47 sm.



**NANTES FATASKÁPUR**
3ja dyra hvítt **29.950**
3ja dyra eik **34.950**
Stærð: B146 x H201 x D60 sm.
4ja dyra hvítt **49.950**
4ja dyra eik **54.950**
Stærð: B197 x H201 x D60 sm.

VERÐ FRÁ

**29.950**

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Price Star





## FATASKÁPUR

**16.950**

**PRICE STAR FATASKÁPUR**
Tvöfaldur fataskápur með fataslá, 3 skúffum og 3 hillum. Litir: Beyki og hvítt. Stærð: B97 x H175 x D50 sm. Efri skápur seldur sér **6.995**



VERÐ FRÁ:

**595**

ALLT AÐ **40%** AFSLÁTTUR

**LIFESTYLE HANDKLÆÐI**
Mjúk og litrík handklæði.
50 x 100 áður **995** nú **595**
70 x 140 áður **1.695** nú **1.295**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Gildir til 04.08.13

Hættum að ala á ótta og hræðslu.

# Höldum gleði hátt á loft

„Nú er verslunarmannahelgin og maður rolast einn í bænum,“ orti Megas um árið og nú er enn á ný skollin á þessi mesta ferðahelgi ársins. Fólk streymir á útihátíðir, í sumarbústaði, fjallaferðir, útilegur eða hvert það nú er sem allt þetta fólk er að fara. Það er spenna og eftirvænting í loftinu, það á að skemmta sér, það er gleði og gaman.

Heldur fer þó lítið fyrir gleðinni í umfjöllunum fjölmiðla um viðburði verslunarmannahelgarinnar. Nei, áherslan er öll á því sem aflaga getur farið. Það er varað við nauðgunum, barsmíðum, umferðarslysum og öðrum hörmungum trekk í trekk og markmiðið með skemmtununum fellur algjörlega í skuggann. Óttinn er settur í öndvegi og einblínt á þetta örsmáa hlutfall útihátíðargesta sem ekki kann að haga sér í fjölmenni. Skilaboðin eru: Passið ykkur, það gæti eitthvað hræðilegt komið fyrir ykkur á þessum skelfilegu samkomum. Veröldin er vondur staður, einkum og sérílagi um verslunarmannahelgar. Eða svo gæti maður allavega haldið ef eingöngu væri tekið mið af umfjöllun fjölmiðla.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Það er gömul saga og ný að eldri kynslóðir, sem kannski hafa klúðrað lífi sínu með einum eða öðrum hætti, reyni að hafa vit fyrir unga fólkinu og bregðist ókvæða við þegar það lætur illa að stjórn. En að reyna að hræða unga fólkið frá því að stunda eðlilega skemmtan hefur aldrei virkað og mun aldrei virka. Hvernig væri að fjölmiðlar einsettu sér að fjalla um góðar hliðar útihátíða í þetta sinn? Töluðu við heilbrigt og glatt ungt fólk sem kann að skemmta sér á eðlilegan máta og hættu að hamra á kynferðisbrotum, dópböstunum og fylleríi? Gerðu gleðina að aðalatriði í stað óttans og hneykslunarinnar? Yrði það ekki betra veganesti fyrir unga fólkið sem stefnir á útihátíð um næstu verslunarmannahelgi heldur en endalaus bölmóðurinn?

Auðvitað er hið besta mál að vara fólk við þeim hættum sem fjölmennum samkomum fylgja, en þessi einhliða fréttaflutningur hlýtur að skyggja á gleðina hjá væntanlegum hátíðagestum og jafnvel valda óþarfa ótta. Níutíu og níu prósent þeirra sem slíkar hátíðir sækja eru gott fólk, komið til að skemmta sér í góðra vina hópi og upplifa ný ævintýri til að setja í minningabankann. Þetta eina prósent sem ekki kann almennar umgengnisvenjur á ekki og má ekki dómínera umræðuna. Ungt fólk í dag er klárt, vel upplýst, kurteist og vel verserað í heimsins fræðum, eins og forsíðustúlka blaðsins í dag, Sigríður María Egilsdóttir, er glæsilegt dæmi um. Er ekki tímabært að þeir eldri hætti að tala niður til þessarar nýju kynslóðar, fari að hlusta á það sem hún hefur fram að færa og freisti þess að læra af henni í stað þess að reyna að nota óttann sem stjórnunartæki? Höfum gleðina að leiðarljósi um helgina. Góða skemmtun!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

EINSTAKT UPPFLETTIRIT
Yfir 350 fisktegundum gerð skil


www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu




## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Ferskur andblær í pólitískri lognmollu

Í pólitískri lognmollu þessara sumardaga hefur borist ferskur andblær úr menntamálaráðuneytinu. Áður en nýi ráðherrann, Illugi Gunnarsson, var kjörinn á þing fyrir sex árum vakti hann athygli í aðdraganda kosninga með því að skrifa meir um menntamál en efnahagsmál. Hann kemur því í ráðuneytið ágætlega nestaður hugmyndum. Það skýrir trúlega að hann getur á fyrstu dögum talað af öryggi og opnað umræður um flóknar kerfisbreytingar.

Það er sammerkt stjórnmálaflokkunum að þeir eiga allir ágætt almennt orðasafn um mikilvægi menntunar. Hún hefur þó ekki alltaf fengið þann forgang í raunveruleikanum sem rímar við hástemmd fyrirheit. Hjá sumum stafar það af skilningsleysi en hjá öðrum af hiki við að ráðast í þær kerfisbreytingar sem máli skipta.



Fyrrverandi ráðherra verður hvorki gagnrýndur fyrir skilningsleysi né áhugaleysi. En flokkur hans er of háður hagsmunasamtökunum til að eiga auðvelt með að stýra raunhæfum kerfisbreytingum. Birtingarmynd lítils skilnings kemur aftur á móti fram í því mati Framsóknarflokksins að lofa mestu verðbólguendurgreiðslum í heimi á fjárfestingu í steinsteypu en nefna ekki fjárfestingu í menntun á nafn í því samhengi. Fyrir flest heimili er fjárfesting í menntun þó jafn mikilvæg fjárfesting og húsnæði.

Fjárhagur ríkisins setur því mörk sem unnt er að gera á hverjum tíma. En ætli menn að styrkja steinsteypu meir en nokkurt annað ríki í heiminum gerir verður einfaldlega minna eftir til að hjálpa þeim sem fjárfest hafa í menntun.

Það er ekki skynsamlegt að íslenskir námsmenn fari eldri í háskóla en aðrir. Að sama skapi er óásættanlegt að halda áfram að verja meiri fjármunum í grunn- og framhaldsmenntun með minni árangri en hjá öðrum vestrænum þjóðum. Vandinn kallar á skipulagsbreytingar fremur en peninga.

# Kerfisbreytingar í stærra samhengi

Í alþjóðlegum skýrslum, eins og til að mynda frá Efnahags- og framfarastofnuninni, hefur lengi mátt lesa um brotalamir í íslenska menntakerfinu og úrbótaráð af ýmsu tagi. Í McKinsey-skýrslunni er rík áhersla lögð á að Ísland verði að taka á skipulagsvanda og kerfisgöllum menntakerfisins til þess að geta bætt samkeppnisstöðu landsins.

Það virðist vera í tísku að gera lítið úr sérfræðiálitum einkum og sér í lagi ef þau koma frá útlöndum. Afneitun á þekkingu kemur mönnum þó yfirleitt í koll. Þeim mun meira hressandi er að heyra menntamálaráðherra lýsa skilningi á þeim ráðum sem lesa má í skýrslum um þetta stóra viðfangsefni.

Í tíð Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í menntamálaráðuneytinu var opnað fyrir möguleikann á að stytta framhaldsnámið. Þá var einnig byrjað að sameina skóla. Nú þarf hins vegar að framkvæma þessar skipulagsbreytingar með markvissum hætti eftir fjögurra ára hlé. Þó að góður árangur hafi náðst á háskólastiginu er samt verið að dreifa kröftum og fjármunum meir en skynsamlegt er.

Mikilvægt er einnig að setja kerfisbreytingar á þessu sviði í samhengi við aðrar skipulagsbreytingar í þjóðarbúskapnum sem stuðlað geta að betri samkeppnishæfni landsins. Þær fá meiri trúverðugleika með því móti.

Hitt er ekki síður mikilvægt að auðveldara ætti að vera að skapa almennan skilning á nauðsyn breytinga ef þær eru settar í stærra samhengi sem miðar að því að lyfta Íslandi og opna möguleika á fjölbættari sókn til bættra lífskjara, þar á meðal betri kennaralauna.

# Kerfislæg stöðnun

Lífskjörin eru lökust hér á öllum Norðurlöndunum. Ísland er auk þess eitt af skuldugustu ríkjum Evrópu. Framleiðni í íslensku atvinnulífi er með því lakasta sem þekkist hjá vestrænum ríkjum. Þeir sem hafa hagsmuni af óbreyttu ástandi hafa lengi verið Þrándur í Götu hinna sem sjá tækifæri í breytingum.

Kerfislæg stöðnun í menntakerfinu er að hluta til bundin í kjarasamninga. Jafn eðlilegt og það er að kjarasamningar kveði á um heildarvinnutíma er óeðlilegt að einstakir þættir vinnuskyldunnar eins og kennslustundafjöldi ráðist þar. Minni kennsluskylda eftir starfsaldri leiðir þannig til þess að óhagkvæmara er að ráða kennara með langa reynslu en litla.

Það verður ekki auðsótt að leysa kerfislegar hindranir af þessu tagi. Vinstri stjórnin í Danmörku sýndi á vordögum í samvinnu við sveitarfélögin hvernig unnt er að skapa almennan skilning úti í þjóðfélaginu á nauðsyn slíkra kerfisbreytinga þótt þær sæti andstöðu innan kerfisins. Það kostaði átök en af þeim má læra.

Menntamálaráðherra á mikið verk fyrir höndum. Hann þarf að brjóta ýmsa hugarfarshlekki áður en yfir lýkur. Umræðan verður örugglega ekki átakalaus. En mestu skiptir að sýna fram á í almennri opinni umræðu að kerfisbreytingarnar eru forsenda framfara.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

70%

20%

30%

40%

50%

20-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNUM THE PIER VIKUNA 1.-7. ÁGÚST

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**Þórður Helgi Þórðarson útvarpsmaður**

### Músík og körfubolti

Í dag vinn ég til þrjú og hoppa þá á Rykkrokkið í Breiðholtinu með börn og konu og jafnvel kött, og planið er að kíkja jafnvel á Geira Sæm á Púkanum. Svo kíki ég á landsleikinn Ísland–Búlgaría í körfubolta á sunnudaginn í beinni á RÚV.



**Hugrún Halldórsdóttir fréttakona**

### Fer Fimmvörðuhálsinn

Ég ætla að ganga Fimmvörðuhálsinn í dag. Fer svo í bústað eftir gönguna þar sem ég tjalda reyndar því húsið er troðið. Grill, pottur og almenn huggulegheit í sólinni, vonandi.



**Hildur Sverrisdóttir lögfræðingur**

### Bíltúr á Vestfirði

Ég ætla í bíltúr með vinum minum á Vestfirði og fer til Flateyrar þar sem verður borðað í nýja besta eldhúsi landsins á Vagninum, farið í fjallgöngu í Bolungarvík, kíkt út í Vigur og drullast á Mýrarbolta á Ísafirði.



**Magnús R. Einarsson tónlistarmaður**

### Júbilerar

„Ég ætla að syngja, spila og skemmta mér með vinum vínum á Café Rosenberg. Þar verða skáld, hugsuðir, snillingar og dáindisfólk að júbilera vegna helgar verzlunarmanna.“

# Platan er áþreifanleg sönnun

**Tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl sendir frá sér sína fyrstu plötu, Tímar án ráða, í næstu viku. Eftir að hafa gutlað við tónlist frá barnsaldri var hann tregur til að ráðast í útgáfu, en fékk hvatningu frá góðu fólki.**

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Nördaáhugamálið mitt er íslenska og hefur lengi verið. Ég hef soðið saman vísur síðan ég man eftir mér og hef alltaf haft áhuga á að nota tungumálið, hvort sem er til að skrifa texta, ræður, ritgerðir eða hvað sem er,“ segir tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl sem sendir frá sér sína fyrstu plötu, Tímar án ráða, á fimmtudaginn næsta eða þeirri skemmtilegu dagsetningu 8/8.

Tímar án ráða er samnefnd fyrsta laginu sem Einar, 22 ára Vesturbæingur og KR-ingur í húð og hár, sendi frá sér síðasta haust. Lagið hlaut fínar viðtökur, heyrðist nokkuð í útvarpi og hefur tónlistarmaðurinn sleppt nokkrum lögum í viðbót á netið í undanfara útgáfu fyrstu plötunnar. Vinir Einars, þeir Halldór Eldjárn (úr hljómsveitinni Sykur) og Egill Jónsson (úr hljómsveitinni Porquesí og knattspyrnumaður úr KR) sjá um útsetningar og upptökustjórn á plötunni sem var að mestu leyti tekin upp í heimahúsum.

Einar hefur gutlað við tónlist frá unglingsaldri og spilað í nokkrum mislanglífum hljómsveitum en ekki lært á hljóðfæri nema einn vetur á píanó sem barn. „Ég tók það nám ekki alvarlega því ég var bara á kafi í fótbolta,“ segir Einar og segist til að byrja með hafa verið tregur til að ráðast í útgáfu á lögum sínum. Eftir mikla hvatningu frá góðu fólki hafi hann þó ákveðið að láta slag standa og sjái ekki eftir því. „Það verður fínt að eiga áþreifanlega sönnun þess að ég sé tónlistarmaður eftir að platan kemur út.“

Tónlist Einars mætti lýsa sem léttu indípoppi en sjálfum þykir honum erfitt að setja lögin sín undir einn hatt. „Margir hafa greint þjóðlagaáhrif í lögunum mínum, en það er ómögulegt að segja hvaðan áhrifin koma. Þegar ég var lítill lærði ég að Bítlarnir væru besta hljómsveit í heimi og á unglingsárunum tók ég tímabil í Led Zeppelin og Eric Clapton, en síðustu ár hef ég líklega hlustað mest á íslenska tónlist eins og til dæmis Hjálma, Megas, Sprengjuhöllina, Villa Vill og það sem Memfismafían hefur verið að gera,“ segir Einar og nefnir Baggalútinn Braga Valdimar og téðan Megas sem eftirlætis textahöfunda sína.

Einn þeirra sem hvatt hafa Einar til dáða í tónlistinni er söngvarinn og knattspyrnumaðurinn Jón Jónsson, en þeir starfa saman hjá tímaritinu Mónitor og leysir Einar Jón af og til af sem ritstjóri blaðsins. „Ég datt inn í blaðamennskuna meðan ég var enn í MR og vinn náið með Jóni. Hann gefur mér góð ráð og ég hef fengið að prófa eitt og annað á honum,“ segir Einar, sem fagnar útkomu plötunnar með teiti á Stúdentakjallaranum á útgáfudaginn, en stærri útgáfutónleikar fylgja í kjölfarið innan tíðar.



**FRUMRAUN** Einar Lövdahl starfar sem blaðamaður á Mónitor samhliða tónlistinni. Ritstjóri blaðsins, tónlistarmaðurinn Jón Jónsson, er meðal þeirra sem hvöttu hann til dáða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Minnisvarði um rigningarsumarið

Hönnunarneminn Heiðdís Inga Hilmarsdóttir, kærasta Einars, hannaði umslagið á plötunni og er það ljósmynd af krítarverki með rigningarþema. Ljósmyndarinn Ernir Eyjólfsson tók myndina. „Regndroparnir eru algjör tilviljun en umslagið endurspeglar á skemmtilegan hátt að platan sé gefin út á þessu mikla rigningarsumri. Við þurftum meira að segja að fresta myndatökunni nokkrum sinnum vegna rigningar,“ segir Einar.







**Hildur Hákonar í Sesseljuhúsi**

## Tónar og jurtir á Sólheimum

**Tónleikar** Magnea Tómasdóttir verður með tónleika í Sólheimakirkju í dag og flytur sönglög eftir íslensk tónskáld við undirleik Sólveigu Önnu Jónsdóttur. Í Sesseljuhúsi mætir Hildur Hákonardóttir, höfundur handbókarinnar Ætigarðurinn, og fjallar um að nýta plöntur í görðum og annars staðar í náttúrunni.

Tónleikarnir hefjast kl. 14.00 og fyrirlesturinn kl. 15.

Kaffihúsið, verslunin og sýningarnar eru opin frá kl. 12 til 18.

**Kvartett Andrésar á Jómfrúnni**

## Tíundi sumardjassinn

**Tónleikar** Á tíundu tónleikum sumardjasstónleikaraðar veitingastaðarins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag kemur fram kvartett gítarleikarans Andrésar Þórs Gunnlaugssonar. Aðrir hljóðfæraleikarar eru þeir Jóel Pálsson á saxófón, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Þeir munu flytja djassstandarda úr ýmsum áttum. Tónleikarnir standa á milli kl. 15 og 17 og fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.



# Gamla Rykkrokkið endurvakið í Breiðholti

**Hluti Innipúkahátíðarinnar í ár fer fram í Breiðholti, þar sem gömul tónlistarhátíð verður endurvakin.**

„Þessi hugmynd kemur upphaflega frá Svavari Pétri Eysteinssyni í Prins Póló, en hann kom henni í raun yfir á mig þar sem ég hef verið inni í borgarmálunum. Pælingin smellpassaði og í kjölfarið tóku allir höndum saman og gerðu hana að veruleika,“ segir Diljá Ámundadóttir, framkvæmdastjóri Innipúkans og varaborgarfulltrúi Besta flokksins. Í dag verður tónlistarhátíðin Rykkrokk, sem haldin var við félagsmiðstöðina Fellahelli á níunda áratugnum og fram til ársins 1995, endurvakin í Breiðholtinu sem hluti af Innipúkahátíðinni. Dagskráin, sem stendur yfir frá klukkan 16 til 20, fer fram við verslunarmiðstöðina Kjarnann og hafa þær hljómsveitir sem troða upp allar sterk tengsl við Breiðholtið.

Diljá segir framtakið hafa vakið mikla athygli og velvilja. „Það hefur verið rætt um nýja Rykkrokkið í íbúahópum og á fleiri stöðum og ég vona auðvitað að þetta sé komið til að vera. Ástæða þess að hátíðin er ekki haldin við Fellahelli eins og á sínum tíma er sú að svæðið er orðið svo fullkomið, ein fullkomnasta skólalóð landsins með mörgum hólum og ójöfnum, að það býður ekki lengur upp á slíkan viðburð. Það er mikill hugur í Breiðhyltingum að bæta ímynd hverfisins og frábært að hægt sé að stuðla að því með svona tónleikahátíð,“ segir Dilja um Rykkrokk, en frítt er á hátíðina og allir hjartanlega velkomnir.



**RYKKROKK** Langi Seli og Skuggarnir eru meðal þeirra sem koma fram á Rykkrokki í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### → Þessir koma fram á Rykkrokki

- Langi Seli og Skuggarnir
- Prins Póló
- Grísalappalísa
- Tanya & Marlon
- Samaris

# SKÓLATILBOÐ



## Fartölvur í miklu úrvali

**79.989**

Verð áður 109.989

**ASUS F501A-XX289H**

- Fartölva með Intel Core i3 2350M örgjörva
- 4GB DDR3 minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Netkort - Gigabit 10/100/1000 netkort
- 300Mbps þráðlaust netkort og Bluetooth 4.0
- Windows 8 64-BIT stýrikerfi
- USB 2.0, USB 3.0, HDMI, VGA, kortalesari o.fl.
- Li-ion rafhlaða, ending allt að 5 tímar




*Opið laugardag, en lokað á sunnudag og mánudag!*

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA




LAMBALÆRI
BLÁBERJAKRYDDAÐ
**1.494**
ÁÐUR 1.698 KR/KG



LAMBAGRILLSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR, SALT&PIPAR
**1.791**
ÁÐUR 2.559 KR/KG

afsláttur **30%**




CAFÉ LIEGE. KAFFIPÚÐAR
KOFFEINL. /MAGNIF. 18STK
**396**
ÁÐUR 489 KR/PK

CAFÉ PREM. KAFFIPÚÐAR
REGULAR/STRONG 36STK
**396**
ÁÐUR 498 KR/PK




afsláttur **50%**

VATNSMELÓNA
FERSK & FRÍSKANDI
**125**
ÁÐUR 249 KR/KG



JUBBLY FROSTPINNAR
COLA/APPELSÍNU/JARÐARBERJA
**248**
ÁÐUR 359 KR/PK

afsláttur **31%**




COCA COLA 4X2L KIPPA
OG CAPRÍTVENNA
**1.196**




**Tilboðin gilda 01. - 05. ágúst**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Opnunartímar
## á frídegi Verslunarmanna - 5.ágúst

| | |
|---|---|
| Nettó Egilsstaðir | 10.00-18.00 |
| Nettó Akureyri | Lokað |
| Nettó Borgarnes | Lokað |
| Nettó Grindavík | Lokað |
| Nettó Hverafold | Lokað |
| Nettó Höfn | 10.00-18.00 |
| Nettó Salavegi | Lokað |
| Nettó Mjódd | Lokað |
| Nettó Reykjanesbær | Lokað |
| Nettó Selfoss | 10.00-20.00 |
| Nettó Grandi | dag og nótt |




nettó
*Góða helgi!*



NAUTABORGARAR M/BRAUÐI 4X90GR
**694**
ÁÐUR 798 KR/PK

KJÖTSEL

ST.VÆNGIR Í FÖTU 800GR.
**589**
ÁÐUR 879 KR/FATAN

afsláttur 33%




Matur og Mörk
...alveg ekta

KARTÖFLUSALAT 500 GR. MATUR OG MÖRK
**389**
ÁÐUR 469 KR/STK

HRÁSALAT 380 GR. MATUR OG MÖRK
**257**
ÁÐUR 329 KR/STK



COCA COLA 6X330ML DIET EÐA VENJULEGT
**448**
ÁÐUR 498 KR/PK




# HÖFUM OPNAÐ NÝJA & GLÆSILEGA VERSLUN
# NETTÓ GRANDA !
# OPIÐ DAG OG NÓTT

**netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Get verið óttalegur unglingur

**Sigríður María Egilsdóttir** er bara nítján ára en hún hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið. Hún varð í vetur Ræðumaður Íslands í Morfískepnninni, hélt fyrirlestur um jafnréttismál á TEDxReykjavík sem hefur vakið mikla athygli á Youtube og í ágúst fáum við að sjá hana á hvíta tjaldinu í bíómyndinni Hross í oss. Getur hún allt?


**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



„Ef einhver maður þolir ekki að konan hans sé hún sjálf þá liggur vandamálið alfarið hjá honum, ekki konunni.

Sigríður María hikar ekki augnablik þegar hún er spurð hvort hún sé til í að koma í viðtal. „Já, alltaf.“ segir hún einfaldlega og málið er afgreitt. Þessi viðbrögð eru lýsandi fyrir þá stefnu sem hún hefur, en hún verður þó hálffeimin þegar henni er sagt að hún sé álitin fulltrúi nýrrar kynslóðar kvenna. Kvenna sem biðjast ekki afsökunar á sjálfum sér, geta allt og gera það sem þær sjálfar óska, án þess einu sinni að leiða hugann að því hver viðbrögð umhverfisins verði. „Þetta er skemmtileg lýsing,“ segir hún. „Ég vona að ég standi undir því. Mér finnst alveg kominn tími til að konur hætti að biðjast afsökunar á því að vera til.“

Hvernig verður maður þannig kona? „Það er alveg rosalega góð spurning. Ég held að það skapist mjög mikið af því umhverfi sem maður býr við. Ég er til dæmis komin af tveimur mjög sterkum konum, mömmu minni, Herdísi Hallmarsdóttur lögfræðingi, og ömmu, Sigríði Sigþórsdóttur arkitekt. Ég lít mjög mikið upp til þeirra beggja, þær eru sterkar og sjálfstæðar konur og hafa alltaf verið og alveg síðan ég var lítil hef ég reynt að vera jafn sjálfstæð og flott og þær. Þetta er líka bara að breytast. Þegar maður talar við vinkonur sína og félaga þá verður niðurstaðan alltaf sú að stelpur eru sammála um það að svona eigi þetta að vera. Maður eigi rétt á því að vera maður sjálfur og þurfi ekkert að biðjast afsökunar á því eða reyna að halda sér til hlés.“ Og þú hefur ekki rekist á neinar hindranir á þeirri leið? „Jú, jú, það eru alltaf einhverjar gagnrýnisraddir. En móttökurnar hafa líka verið það góðar að það jákvæða gjörsamlega gjöreyðir þessu neikvæða.“

Eitt af því sem hefur lengi verið notað til að halda konum á mottunni er að þær muni ekki ná sér í mann ef þær eru of sterkar, er sú tíð liðin? „Það er örugglega ekkert búið, en það sem ég hef alltaf hugsað er að mig langar ekkert sérstaklega að deita einhvern mann sem vill ekki að ég fái að njóta mín. Það er ekki samband sem er líklegt til að endast. Í góðu sambandi vilja báðir aðilar lyfta hinu upp, þannig að ég held að það sé úrelt hugsun að maður nái sér ekki í mann ef maður er sjálfstæður. Ef einhver maður þolir ekki að konan hans sé hún sjálf þá liggur vandamálið alfarið hjá honum, ekki konunni.“

Því er stundum haldið fram að kvenfyrirlitning hafi aukist undanfarið og að strákar í dag hafi meiri fyrirlitningu á konum en þeir höfðu fyrir nokkrum árum. Ertu sammála því? „Ég var náttúrulega ekki uppi fyrir nokkrum árum, en maður hittir alveg báðar týpurnar. Marga stráka sem finnst gaman að horfa á berar stelpur og sjá ekkert niðurlægjandi fyrir konur í því. En það eru líka alveg jafn margir strákar sem segja að þetta viðhorf sé ekki í lagi. Það er eins með konur, alltaf einhverjar sem eru með og einhverjar á móti. Eina ráðið gegn þessu er meiri fræðsla. Um leið og við förum að mennta okkur og skoða málin frekar þá breytast viðhorfin. Allavega stundum. Auðvitað munu aldrei allir skipta um skoðun á jafnréttismálum, en á meðan meirihlutinn vill skoða málið þá erum við á réttri leið.“

### Hlæja að umtalinu

Sigríður ætlaði í lögfræðinám í haust en nú eru þau plön breytt. „Já, ég ákvað að taka mér frí frá námi í eitt ár og fara með vinkonu minni í heimsreisu eftir áramótin. Ferðast í svona þrjá fjóra mánuði og skoða heiminn, koma svo heim og fara í skólann. Ég hef heyrt að það sé gott að pústa svolítið og að áhuginn á náminu aukist bara við það að gefa því smá frí.“ Aðspurð segist hún reyndar kvíða því dálítið að vera aðskilin frá kærastanum svona lengi, en það sé líka mikilvægt að sjá heiminn og upplifa nýja hluti.

Dagur, kærasti Sigríðar, er sonur Jóns Gnarr borgarstjóra, sem eðli málsins samkvæmt er oft á milli tannanna á fólki, smitast það yfir til þeirra? „Nei, við finnum ekkert fyrir því og erum voðalega róleg yfir þessu öllu saman. Í þau skipti sem við verðum fyrir einhverju áreiti hlæjum við bara að því.“

Sigríður er svo sem vön því að fólkið hennar sé umtalsefni, Herdís móðir hennar er í slitastjórn Landsbankans, stjúpi hennar er Magnús Orri Schram fyrrum alþingismaður, og faðir hennar Egill Heiðar Anton Pálsson leikstjóri. Hefur það bitnað á henni? „Eiginlega ekki. Aðallega var bara aldrei neinn heima því mamma og Magnús, sem ég hef alltaf kallað pabba, voru alltaf í vinnunni. Auðvitað hefur fylgt þessu neikvæð umfjöllun en þá ræða þau það við okkur systkinin og við fáum útskýringar. Maður verður bara að passa sig á að láta þetta ekki hafa áhrif á sig. Hverjir foreldrar mínir eru eða hvað þau gera, gerir mig ekkert að þeirri manneskju sem ég er og ég er dugleg að minna sjálfa mig á það.“

Svo við höldum áfram að tala um ættfræðina þá er afi þinn Hallmar Sigurðsson leikstjóri þannig að þú ert með leiklistina í báðum ættum, þig hefur ekki langað að leggja hana fyrir þig? „Nja, svona. Ég var í nokkrum útvarpsleikritum þegar ég var lítil og svo var ég að leika í bíómyndinni Hross í oss síðastliðið sumar. Það var frumraunin á hvíta tjaldinu og ég var mjög stressuð, en það var mjög skemmtilegt að fá að taka þátt í þessu. Sérstaklega af því að þemað tengist hestum, sem eru aðaláhugamál mitt. Ég skil mjög vel að fólk skuli heillast af leiklistinni en lögfræðin heillar mig meira eins og er. Kannski geri ég bara eins og uppáhaldsleikarinn minn, Alan Rickman, sem fór ekki í leiklistarnám fyrr en hann var 27 ára. Hver veit.“

### Ekki á leið í pólitík

Þú hefur mjög ákveðnar skoðanir og setur þær vel fram, ertu á leiðinni í pólitíkina? „Ó guð, ég hef heyrt þetta ansi oft. Ég bara veit það ekki. Ég hef vísvitandi reynt að halda mér frá öllum ungliðahreyfingum stjórnmálaflokka, hef aldrei mætt á fundi eða neitt. Ég held ég sé enn það mikið í mótun hvað varðar stjórnmálaskoðanir að ég vil ekki fara að festast í einhverju stjórnmálastarfi í fljótfærni. Ég held ég eigi heilmikið eftir í að mótast sem pólitísk vera. Ég hef samt alltaf haft mikinn áhuga á stjórnmálum en ég myndi ekki vilja starfa á Alþingi eins og staðan þar er núna. Mig langar að hafa einhver áhrif en það verður að koma seinna.“

Ertu svona rosalega skynsöm á öllum sviðum? „Nei, alls ekki. Ég get alveg verið óttalegur unglingur í mér líka. Ég er bara svo heppin að hafa fólk í kringum mig sem bendir mér á það ef ég er í einhverju rugli og sjálfhverfu. Ég reyni líka að læra af reynslunni, ég á það nefnilega til að vera helvíti dómhörð en ég sé alltaf eftir því seinna. Maður verður að vera sveigjanlegur og viðurkenna mistök sín.“

Hvar sérðu þig fyrir þér eftir tíu ár, þegar þú verður þrítug? „Þá ætla ég að vera búin með BA í lögfræði og búin að fara til útlanda í mastersnám, annað hvort í lögfræði eða einhverju öðru. Mig langar að vera byrjuð að stofna fjölskyldu, vera með hesta og vonandi í starfi sem gefur möguleika á að komast áfram og hafa einhver áhrif. Ég geri mér samt alveg grein fyrir því að ég er það ung að ég þarf að vinna mér inn reynslu og öðlast traust, það er ekkert sjálfgefið. Maður þarf alltaf að vinna sér það inn.“



### → Fyrirlestur Sigríðar Maríu á TEDx

Ráðstefnan TEDxReykjavík var haldin í þriðja sinn í byrjun júní.

Slagorð ráðstefnunnar var Ljáum góðum hugmyndum vængi og var boðið upp á fyrirlestra þar sem kynntar voru nýjar hugmyndir og spennandi uppgötvanir.

Sigríður María hélt þar fyrirlestur um jafnréttismál, sem vakið hefur mikla athygli á Youtube og fengið um 10.000 áhorf.

Sigríður segir þar meðal annars að það taki þrjár kynslóðir fyrir tónlistarmann að verða til: þá fyrstu til að losna úr fátækt, aðra kynslóð til að mennta sig og þá þriðju til að öðlast vald á hljóðfærinu.

Erindi Sigríðar Maríu fjallar um kvenréttindi og hvernig beita má þessu orðtaki til að lýsa baráttunni fyrir þeim, og ekki bara kvenréttindabaráttu heldur allri baráttu fyrir mannréttindum.

### KÆRASTINN TÓK SIGRÍÐI MARÍU FRAM YFIR PRESTNÁMIÐ



Kærasti Sigríðar er Dagur Kári Gnarr Jónsson, en þau kynntust þegar hann hóf að þjálfa ræðulið Verzlunarskólans fyrir Morfís. Dagur hafði reyndar ætlað sér að fara allt aðra leið í lífinu, en ástin tók völdin. „Hann ætlaði sér að verða kaþólskur prestur,“ segir Sigríður, „og var byrjaður að læra það, búinn að fara til Spánar í nám og var í prestsnámi í Landakoti. En við urðum ástfangin og það má eðlilega ekki vera á séns þegar maður er í prestsnámi, þannig að hann hætti í því. Mér finnst svolítið sárt að segja það og hefði helst viljað að hann hefði ekki þurft að fórna því, en svona er þetta og ég held að við séum bæði mjög sátt við útkomuna.“




# Gefðu fallegan lífsförunaut í brúðkaupsgjöf

**BRÚÐKAUPS-GJAFALISTAR OG GJAFAKORT**



Harpa / Skeifan 6 /Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal




ARCHITECTMADE



by Lassen. Copenhagen



HAY



# Ferðalag Arons vestur um haf



**Aron Jóhannsson** bíður eftir því að FIFA samþykki beiðni hans um að spila fyrir hönd Bandaríkjanna. Sitt sýnist hverjum um ákvörðun framherjans enda leikmaður sem landslið beggja vegna Atlantshafsins vilja nota.

Aron Jóhannsson ætlar að spila fyrir hönd Bandaríkjanna í framtíðinni. Framherjinn tilkynnti það í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér á mánudaginn. Samkvæmt reglum Alþjóðaknattspyrnusambandsins er Aroni, sem er fæddur í Bandaríkjunum og með bandarískan ríkisborgararétt af þeim sökum, það frjálst. Umsókn þess efnis hefur verið send til FIFA og er aðeins tímaspursmál hvenær hún verður samþykkt.

Aron flutti með íslenskum foreldrum sínum hingað til lands þegar hann var þriggja ára. Hann byrjaði ungur að æfa fótbolta með Fjölni í Grafarvogi og spilaði með liðinu upp alla yngri flokka. Frá haustinu 2007 til vorsins 2008 spilaði Aron þó enga leiki með 2. flokki félagsins þar sem hann dvaldi í Bandaríkjunum.

Aron nam við IMG-íþróttaskólann í Bradenton þar sem fjölmargir efnilegir íþróttamenn, bandarískir og ekki, hafa gengið í skóla. Íþróttafólkið unga sest á skólabekk en æfir þess utan líkt og um atvinnumenn í íþróttinni sé að ræða.

Í samtali við Brian Sciaretta, blaðamann á New York Times síðastliðið haust, lét Aron vel af veru sinni vestanhafs. Líklegt má telja að æfingar hans vestanhafs hafi hjálpað honum í framhaldinu. Um haustið spilaði hann sinn fyrsta leik í efstu deild aðeins 17 ára.

Ljóst er að íslenska karlalandsliðið þarf að óbreyttu að sjá á eftir frábærum sóknarmanni. Aroni hefur verið boðið til æfinga með bandaríska landsliðinu fyrir leik gegn Bosníu 14. ágúst.

**Kolbeinn Tumi Daðason**
kolbeinntumi@365.is

## FÓTBOLTAFERILLINN 1990-2013

**1990**
**10. NÓVEMBER**
Fæddur í Mobile í Alabama í Bandaríkjunum. Foreldrarar hans voru í námi við University of South Alabama.



**1993-1994**
Flutti til Íslands ásamt foreldrum sínum þegar hann var þriggja ára gamall. Spilar með Fjölni í Grafarvogi upp yngri flokkana.

**2007-2008**
**VETUR**
Aron nemur við IMG akademíuna í Bradenton í Flórída-fylki vestanhafs. Þar fá efnilegir knattspyrnumenn að æfa líkt og atvinnumenn ásamt því að stunda nám.

**2008**
**27. ÁGÚST**



Aron kemur inn á sem varamaður í 3-1 tapi Fjölnis gegn Fram í efstu deild karla í knattspyrnu. Aron kemur við sögu í þremur leikjum á tímabilinu.

**2009**
**15. ÁGÚST**
Aron skorar sitt fyrsta mark í efstu deild í 4-1 tapi Fjölnis gegn FH. Aron spilar 16 leiki á leiktíðinni en Fjölnir fellur úr efstu deild.

**2010**
**21. ÁGÚST**
Aron skorar sitt tólfta mark í 1. deildinni í 3-2 sigri Fjölnis á KA. Hann verður markahæsti leikmaður deildarinnar og er valinn besti leikmaður deildarinnar.

**30. ÁGÚST**
Aron semur við 1. deildarfélagið AGF í Árósum í Danmörku. Aron heldur utan og missir af síðustu leikjum Fjölnis sem hafnar í 4. sæti í 1. deild.

**2011**
**24. MARS**



Aron spilar sinn fyrsta leik fyrir U21 árs landslið Íslands í 3-2 tapi gegn Úkraínu. Aron skorar sitt eina landsliðsmark í tíu leikjum með U21 liðinu.



**28. APRÍL**
Aron skorar sitt fyrsta mark fyrir AGF eftir 15 leikja markaþurrð. AGF vinnur sér sæti í úrvalsdeildinni á nýjan leik.

**2012**
**27. ÁGÚST**
Aron skorar fjögur mörk fyrir AGF í 4-1 sigri á Horsens. Þrjú markanna skorar hann á innan við fjórum mínútum sem er met í Danmörku.



**9. SEPTEMBER**
Aron segir í viðtali við New York Times að hann hafi aldrei velt því fyrir sér að spila með Bandaríkjunum. Markmiðið hafi alltaf verið að spila fyrir Ísland. Ef Jürgen Klinsmann myndi hringja í hann yrði þó erfitt fyrir hann að segja nei.



**3. OKTÓBER**
Aron er valinn í A-landsliðshóp Íslands fyrir leiki gegn Albaníu og Sviss. Aron segir í viðtali við Fréttablaðið: „Ég er Íslendingur og mig hefur langað að spila fyrir Ísland frá því að ég var lítill. Það kom því aldrei til greina. Þegar umræðan var í gangi fór það inn um annað og út um hitt eyrað. Ég heyrði aldrei frá neinum í bandaríska knattspyrnusambandinu heldur. Ég vil spila fyrir Ísland og nú var ég valinn í landsliðið, sem er frábært.“ Aron meiðist og dregur sig úr hópnum.



**18. DESEMBER**
„Mér finnst framherjarnir í íslenska landsliðinu vera betri en þeir bandarísku,“ segir Aron í samtali við Fréttablaðið.

**2013**
**29. JANÚAR**



Aron seldur til AZ Alkmaar í Hollandi. Aron hafði skorað 14 mörk í 18 leikju í dönsku úrvalsdeildinni. Hann lýkur tímabilinu sem þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar.

**14. APRÍL**
Aron skorar sitt fyrsta mark fyrir AZ Alkmaar í 6-0 sigri á Utrecht. Aron skorar þrjú mörk í fimm leikjum undir lok leiktíðarinnar.

**29. JÚLÍ**
Aron sendir frá sér yfirlýsingu og tilkynnir að hann ætli að spila fyrir landslið Bandaríkjanna í framtíðinni.

**30. JÚLÍ**
Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Bandaríkjanna, fagnar ákvörðun Arons. Í tilkynningu frá Knattspyrnusambandi Bandaríkjanna kemur fram að Aroni verði boðið til æfinga með liðinu.



# NÝ VERSLUN
# NETTÓ GRANDA

*Opið mánudaginn 5. ágúst!*

## OPIÐ DAG OG NÓTT










NÝR BÆKLINGUR
FULLUR
AF FRÁBÆRUM
OPNUNARTILBOÐUM

SJÁÐU BÆKLINGINN Á WWW.NETTO.IS

# KRÓNAN

## – fyrst og fremst ódýr!

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

GOÐI

**1398 kr. kg**
Lambalæri, ókryddað

**1398 kr. kg**
Trönuberja- og eplamarinerað

**1398 kr. kg**
Hvítlauks- og rósmarínmarinerað

**40% afsláttur**
**998 kr. kg**
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Úrbeinaðar grísahnakkasneiðar, íslenskar

**30% afsláttur**
**1598 kr. kg**
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

**35% afsláttur**
**2989 kr. kg**
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

**50% afsláttur**
**49 kr. stk.**
Verð áður ~~99~~ kr. stk.
X-RAY orkudrykkur, 25 cl
meðan birgðir endast!

**389 kr. pk.**
Góu súkkulaðirúsínur, 400 g

**269 kr. pk.**
Lindu smábuff, 200 g

**229 kr. pk.**
Góu Æðibitar og Hraunbitar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO · www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum


FRÁBÆRT
á grillið
1398 kr. kg
Grillkryddað
1398 kr. kg
New York - marinerað
1398 kr. kg
Piparmarinerað
GOÐI
2 hamborgarar
2 brauð
Beikon
Ostur
Sósa
Lúxus borgari
FRÁBÆRT VERÐ!
60% afsláttur
3949 kr. kg
Lambafille með fituröndd
798 kr. pk.
Lúxus hamborgarar, 2 í pk.
198 kr. stk.
Verð áður 499 kr. stk.
B4Y einnotagrill
Coca-Cola
MEÐ HVERRI KIPPU
EÐA FERÐA-FÉLAGA
FÆRÐ ÞÚ
Á AÐEINS 998 KR.
AÐEINS 4 PAKKAR Á MANN
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
KAUPAUKI
Coke og Goða pylsur
12x0.33L eða 4x2L
Goða pylsur 10 stk.
* Gildir um 12x0,33L eða 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast.
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



**ÓTRÚLEGT ÚTSÝNI** Þvílík sýn sem blasti við leiðangursmönnum ofan af Jökultungunum og Álftavatn í hillingum.



**LITADÝRÐ** Allir mögulegir litir náttúrunnar blasa við þeim sem fara Laugaveginn.



**SKAFLAR** Yfir ófáa skaflana varð að fara, ýmist gangandi eða hjólandi.

# Dýrð Laugavegarins á hjóli

Margir leggja leið sína gangandi Laugaveginn milli Landmannalauga og Þórsmerkur en ekki er verra að njóta hennar á hjóli.




**Finnur Orri Thorlacius**
finnurth@365.is


Vinsælasta gönguleið landsins á hálendinu er Laugavegurinn, á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Alls ekki er verra að njóta þeirrar náttúrufegurðar sem á leiðinni er á hjóli, þó það sé sjaldgæfari ferðamáti þar.

Föstudaginn fyrir átta dögum naut greinarritari þess að hjóla leiðina fallegu, við annan mann, Arnþór Pálsson. Þann dag var veðrið á hálendinu með ólíkindum dásamlegt og sólin skein alla leiðina, hitinn vart undir 20 stigum nokkurs staðar á leiðinni og eins víðsýnt á fjöllum og kostur gefst.

Segja má að ekki sé hægt að bjóða upp á meiri veislu fyrir náttúruunnendur, hvað þá ef sameina má hana krefjandi hjólatúr. Arnþór hafði nýlokið átta daga hjólakeppni sem liggur um austurrísku og ítölsku Alpana niður að Gardavatni, en var engu að síður á því að engin dagleið þar slái þessari leið við hvað fegurð varðar.

### 800 manns á leiðinni hvern dag

Lagt var af stað úr Garðabænum árla morguns og ekið í Landmannalaugar. Þar lék sólin við mýmarga gesti þessarar náttúruperlu, aðallega erlenda ferðamenn. Margir þeirra hafa eflaust verið að undirbúa göngu til Þórsmerkur, en flestir ganga þá leið á fjórum dögum og gista á leiðinni í skálunum í Hrafntinnuskeri, Álftavatni og Emstrum.

Á góðum sumardegi eru um 800 manns á göngu einhvers staðar á leiðinni milli Landmannalauga og Þórsmerkur og kemur það alls ekki á óvart af reynslu þriggja hjólaferða á „Laugaveginum“ í ár, fyrra og sumarið þar á undan. Ákaflega gaman er að spjalla við það spræka fólk af öllum þjóðernum sem mætt er á leiðinni og verður margur þeirra hissa á þeirri hugmynd að hjóla þessa leið, enda víða sem ganga þarf undir hjólinu.

### Skemmtileg glíma við brekkurnar

Margar brekkurnar leynast á leiðinni sem ógerningur er að hjóla upp og sumar hverjar einnig niður. Skemmtilegt er þó að glíma við að hjóla þær sem lengst upp og reynir þar vel á þol og tækni hjólreiðamanna.

Nokkuð mikil hækkun er fyrsta legg leiðarinnar til Hrafntinnuskers, enda stendur skálinn þar í um 1.100 metra hæð. Stutt er síðan snjóa leysti umhverfis skálann og voru skaflar báðum megin við Hrafntinnusker sýnu stærri en undanfarin tvö sumur. Eru þeir illhjólanlegir en engu að síður mikið fjör að koma hratt að þeim og reyna að halda gripi sem lengst. Lætur þyngdarlögmálið og gripið þá stundum undan og hjól og knapi liggja flöt í snjónum við vænan hlátur ferðafélagans.

Við margt má skemmta sér og keppnisskapið virkjað sem kostur er. Víða á leiðinni er þó troðningurinn þéttur undir fót/hjól og þá er gaman að vera á vel búnu hjóli en óvarlegt er að velja sér fararskjóta sem ekki er búinn dempara að framan sem dregur vel úr þeim misfellum sem farið er yfir.

### Litadýrðin engu lík

Frá skálanum í Hrafntinnuskeri taka við fjölmargir gilskorningar sem fullir eru af snjó og þarf oft að stíga af hjólinu og teyma. Á þeirri leið eru litirnir í fjöllunum algerlega ógleymanlegir enda farið um eina af megineldsstöðvum landsins. Gul, rauð, græn og svört fjöll skiptast á og reka erlendir ferðamenn upp stór augu við þá litadýrð, sem og við heimamenn.

Fallegasti staðurinn af mörgum á leiðinni blasir svo við á toppi Jökultungnanna sem fara þarf niður áður en komið er niður á sléttuna þar sem Álftavatnið fagra liggur. Þar blasir Eyjafjallajökull og Tindfjöllin við í allri sinni dýrð og sér þar fyrst alveg inn í Þórsmörk. Mögnuð sjón sem hér sést á mynd og litirnir úr öllum skala litrófsins. Reynir mjög á hæfni hjólreiðamanna að hjóla niður tungurnar og þjóðráð að lækka hnakkinn í lægstu stöðu til að lækka þyngdarpunktinn og komast með því hjá falli. Ekki er það þó fyrir nema snjöllustu fjallabrunara að standa það allt og hefur greinarritari þó orðið vitni að slíku er fyrrverandi Íslandsmeistari í þeirri grein slóst með í för í fyrrasumar, Óliver Pálmarsson, sem þar sýndi sínar bestu hliðar og steig aldrei af hjólinu niður fjallið.



➜ Landmannavötnin skörtuðu sínu fegursta á leiðinni akandi inn í Landmannalaugar.

### Leiðin hálfnuð í Álftavatni

Komið var í Álftavatn eftir þrjá og hálfan tíma. Tekur þá við auðveldasti og hraðfarnasti partur leiðarinnar og má velja um að hjóla stikuðu leiðina eða veg sem liggur að næsta skála við Emstrur. Stikaða leiðin er þó fallegri og farið um þrönga stíga. Ef keppt er um tíma er akvegurinn þó vænlegri, en hann var ekki valinn að þessu sinni.

Leiðin liggur fram hjá skálanum í Hvanngili og þarf víða að vaða yfir ár á þessari leið, meðal þeirra Bratthálskvísl og Bláfjallakvísl. Ekki tekur því að fara úr skónum þegar þær eru þveraðar, enda væri það æði tímafrekt. Kaldaklofskvísl og Nyrðri-Emstruá eru þó brúaðar, enda oftast vatnsmeiri. Víða á þessari leið er undirlagið sendið og er það einn helsti óvinur hjólreiðamannsins og tekur heilmikið á.

### Seinfarnasti leggurinn

Þegar komið er að skálanum við Emstrur eru 15 kílómetrar eftir og hefur sá kafli reynst sá seinfarnasti af þessum fjórum og á sandur þar stóran þátt. Heildarlækkun frá Emstrum í Þórsmörk er um 300 metrar en ekki nema 40 metrar frá Álftavatni að Emstruskála. Vegalengdin milli þeirra er sú sama, 15 kílómetrar, en samt er leiðin frá Emstruskála í Þórsmörk mun seinfarnari. Við það bætist að ef farin er öll leiðin á einum degi eru hjólreiðamenn eða hlauparar orðnir þreyttir og því er þessarar leiðar, sem víða er mjög falleg, oft ekki eins vel notið og þeirra fyrri.

Það voru þreyttir en kátir hjólarar sem brunuðu með viljann einan að vopni upp brekkurnar frá Almenningum upp í Þórsmörk og komust á leiðarenda í Húsadal á sjö og hálfum klukkutíma. Fallegri dag á fjöllum er erfitt að minnast og aldrei að vita nema Laugavegurinn freisti aftur í sumar.



## STUÐ Í HÚSDÝRAGARÐINUM

**Stuðmenn verða með stórtónleika í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal annað kvöld kl. 20. Stuðmönnum til halds og trausts verða eldsprækar, syngjandi og dansandi soð-Grýlur, slagverks- og hljómborðsmeistarinn Eyþór Gunnarsson og stjörnurnar Sveppi og Villi sem syngja, leika og dansa.**




Spennandi
Speltpizzur

101 hotel
reykjavik


# FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR

**ICECARE KYNNIR** *Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er úr jurtaefnum og slær á einkenni tíðahvarfa.*

Mín upplifun af notkun Femarelle er mjög góð. Þótt ég sé ekki enn orðin fimmtug er ég búin að glíma við ýmiss konar vandamál varðandi blæðingar og tíðahvörf í mörg ár. Þetta byrjaði með gríðarlegri fyrirtíðaspennu þegar ég fór að nálgast fertugt," segir Ásdís Lára Runólfsdóttir. „Samhliða mjög slæmum skapsveiflum og andlegri vanlíðan þá jókst tíðni mígreni-kasta gríðarlega. Ég fékk alltaf mígreni daginn sem ég byrjaði á blæðingum," segir hún enn fremur.

„Ég prófaði allt, breytti mataræðinu, tók inn ýmiss konar vítamín og bætiefni en ekkert virkaði. Síðastliðin þrjú ár hef ég prófað mig áfram í gegnum úrvalið af því sem hefur verið í boði vegna einkenna tíðahvarfa.

Ekkert virkaði nógu vel og á sama tíma fór meira að bera á einkennum sem gátu eingöngu átt við tíðahvörf. Það tók mig langan tíma að átta mig á að ég væri að fara inn í tíðahvörf því eldri konur í minni fjölskyldu hafa ekki þekkt þetta vandamál. Í lok síðasta árs prófaði ég hormónatöflur í þrjá mánuði með slæmum árangri, þá leið mér enn verr," segir Ásdís.

„Þegar Femarelle kom á markaðinn var ég alveg komin að því að gefast upp.

Hitakóstin urðu stöðugt verri og verri. Ég vissi ekki hvernig ég átti að klæða mig lengur. Svefnlausar nætur vegna nætursvita og hitakasta. Mér leið eins og ég logaði innan frá. Það tók Femarelle um það bil tvær vikur að virka, á þriðju viku fann ég ekki fyrir neinum einkennum. Nú líður mér mjög vel bæði andlega og líkamlega. Ég þarf ekki lengur að rífa mig úr fötunum þegar ég sit í sófanum á kvöldin vegna óbærilegs hita og sef mjög vært í langerma náttkjólum á næturnar."



**LÍÐUR BETUR** Ásdís Lára finnur mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle.

MYND/GVA




### FEMARELLE ÖRUGGUR KOSTUR

***Femarelle er náttúrulegt jurtaSERMi*** *(Selective Estrogen Receptor Modulator)* ***gert úr jurtaefnum.***

***Innihald hylkjanna:* 322 mg DT56a** *(tofu extract)* ***og 108 mg hörfræjaduft.***

***Femarelle er ekki hormón og inniheldur ekki ósóflavóníða.***

***Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.***

**UPPLÝSINGAR**
***www.icecare.is og Femarelle á Facebook.***












# ÁLFAR Í GAMLA BÍÓ

**ÞJÓÐSAGA FRUMFLUTT** *Tónverkið Þjóðsaga verður frumflutt í Gamla bíó á miðvikudaginn kl. 20. Tónverkið er ætlað börnum og fullorðnum.*

Hafsteinn Þórólfsson og Hannes Páll Pálsson frumflytja tónverk á miðvikudaginn sem byggir á íslenskum þjóðsagnaarfi. Verkið, sem nefnist Þjóðsaga, er 45 mínútur að lengd en það á rætur sínar að rekja til lags sem þeir sendu inn í forkeppni Eurovision fyrir nokkrum árum síðan.

„Við vildum semja lag þar sem við notuðumst við íslensk element. Við prófuðum að senda það inn, en það var alls ekkert Eurovision-lag í sjálfu sér og var náttúrlega ekkert valið,“ segir Hafsteinn og hlær. „Svo ákváðum við að semja smá sögu í kringum lagið og svo vatt sagan upp á sig og við bættum sífellt við. Áður en við vissum af vorum við komin með efnivið í miklu stærra verk.“ Hafsteinn samdi alla tónlistina en söguna og textana sömdu þeir Hannes í sameiningu.

**ÞJÓÐSAGA**

Sagan fjallar um álfadrottningu sem missir barn, en við það sturlast hún og leggur þau álög á álfana og tröllin í nágrenninu að þau verði að stela mannabörnum. Ef henni líkar ekki við börnin sem þau koma með kastar hún þeim fram af björgum. Þá víkur sögunni að Þórði bónda, sem á leið yfir Ódáðahraun með son sinn. Hann leggst til hvílu og allt fyllist af þoku. Þegar þokan hverfur er barnið horfið. Eftir er göldróttur álfasteinn sem leiðir hann að höll drottningarinnar djúpt ofan í fjallinu og þar reynir Þórður að bjarga syni sínum.

„Sögumaðurinn bindur söguna saman, en annars eru tvær persónur í verkinu, álfadrottningin og Þórður þessi, sem við fundum í einni af þjóðsögum Jóns Árnasonar,“ segir Hafsteinn. Þjóðsaga sú heitir Systkinin í Ódáðahrauni, Þórður er þar aukapersóna sem kemur aðeins lítillega fyrir, en ber viðurnefnið Barna-Þórður. „Við ákváðum að búa til sögu um það af hverju hann fékk þetta viðurnefni, en það var sem sagt af því hann bjargaði börnunum.“

**STÓRT VERKEFNI**

Fimm ár eru nú liðin frá því að fyrsti kaflinn var saminn. „Nú erum við loks að fara að frumflytja verkið í heild sinni.“ Verkefnið er stórt í sniðum og hefur legið í dvala í dálítinn tíma meðan þeir söfnuðu peningum. „Það væri þó aldrei komið á það stig sem það er í dag ef við þekktum ekki svona mikið af fólki sem var tilbúið að gefa vinnuna sína,“ segir Hafsteinn.

Þátttakendur í flutningnum á miðvikudaginn eru Caput-tónlistarhópurinn, tólf manna kór, tveir einsöngvarar og sögumaður. Heiða Árnadóttir fer með hlutverk álfadrottningarinnar og Hafsteinn sjálfur fer með hlutverk Þórðar. Ragnhildur Gísladóttir er sögumaðurinn.

**BÖRN VILJA DRAMA**

„Við höfum báðir svo gaman af sögum. Mér finnst til dæmis enn þá gaman að hlusta á Dýrin í Hálsaskógi,“ segir Hafsteinn. Hann segir þá félaga hafa orðið varir við umræðu um að skortur sé á vönduðu barnaefni. „Okkur langaði þess vegna að semja íslenskt barnaefni, sem héldi í íslensku elementin í þjóðsögunum. Börn vilja drama, þau vilja verða hrædd. En enginn er bara góður eða bara vondur. Álfadrottningin sturlast í sögunni en það er vegna þess að hún missir barnið sitt. Þess vegna vorkennir maður henni en heldur samt ekkert rosalega mikið með henni. Þannig eru gömlu íslensku þjóðsögurnar, spennandi og svolítið brútal. Við vildum halda því inni, en ekki hvítþvo eins og Disney. Í nútímaútgáfunni af Rauðhettu og úlfinum er amman ekkert étin heldur bara bundin og sett inn í skáp,“ segir Hafsteinn og hlær.

Hafsteinn er nú á leið í mastersnám í tónsmíðum í Det Jyske Musikkonservatorium í Árósum, en það er erfitt að komast þar inn. „Ég held það hafi aðeins verið einn eða tveir sem voru teknir inn í námið,“ segir hann, en hann útskrifaðist úr tónsmíðadeild Listaháskólans árið 2011. Auk þess hefur hann lokið mastersgráðu í söng frá Guildhall School of Music and Drama í London.

**AÐEINS EITT TÆKIFÆRI Í BILI**

Hluti af Þjóðsögu var sýndur sem útskriftarverkefni Hafsteins úr tónsmíðanámi Listaháskólans árið 2011. „Fólk hlustaði með miklum áhuga og þónokkur börn voru í salnum. Þau héldu athygli allan tímann og voru mjög spennt.“

Tónverkið verður því aðeins sýnt þetta eina kvöld í bili, í Gamla bíó á miðvikudaginn 7. ágúst kl 20, í samstarfi við Hinsegin daga. „Þetta er stórt í sniðum og þar af leiðandi ekki hlaupið að því að halda reglulega tónleika, kostnaðarlega séð.“ Hægt verður að nálgast miða við innganginn meðan húsrúm leyfir, en hægt er að tryggja sér miða í kaupfélagi Hinsegin daga í Iðu. Aðgangseyrir er 2.800 krónur.

■ halla@365.is

**Á LEIÐ Í MASTERSNÁM** Hafsteinn er á leið til Danmerkur í mastersnám í tónsmíðum, en hann útskrifaðist úr tónsmíðadeild Listaháskóla Íslands árið 2011. Hluti af Þjóðsögu var útskriftarverk hans. MYND/STEFÁN KARLSSON

## BARNA-ÞÓRÐUR

**SYSTKININ Í ÓDÁÐAHRAUNI**

Persóna Þórðar er fengin úr einni af þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem heitir Systkinin í Ódáðahrauni, en þar er hann aukapersóna sem kemur aðeins lítillega fyrir.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Leigufélagið Klettur ehf. er félag í eigu Íbúðalánasjóðs. Tilgangur Leigufélagsins Kletts ehf. er að bjóða íbúðarhúsnæði til leigu víða um land með langtíma húsnæðisöryggi að leiðarljósi. Leigufélagið yfirtekur eignarhald og rekstur um 600 fasteigna Íbúðalánasjóðs, en meirihluti eignanna er nú þegar í útleigu.

# Verkefnastjóri fasteigna

## Fjölbreytt lykilhlutverk hjá nýju leigufélagi

Verkefnastjóri fasteigna hefur yfirumsjón með fasteignum og viðhaldi þeirra. Í því felst m.a. að fylgjast með ástandi íbúða, húsa og lóða, skipuleggja endurbætur og viðhald ásamt því að vera tengiliður við verktaka. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af viðhaldi fasteigna, samskiptafærni og góða þekkingu á upplýsingatækni. Um fullt starf er að ræða.

### Helstu verkefni

- Eftirlit með ástandi fasteigna
- Yfirumsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna
- Samskipti við verktaka
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Kostnaðareftirlit
- Tengiliður við viðskiptavini um viðhald og endurbætur
- Umsjón með úttektum við afhendingu og móttöku fasteigna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði byggingafræði, tæknifræði eða verkfræði
- Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun viðhaldsverkefna fasteigna æskileg
- Þekking á gerð gæða- og vinnuferla kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og rík þjónustulund

### Upplýsingar veitir:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# ELSKAR ÞÚ AÐ ELDA HOLLAN OG GÓÐAN MAT?

1912

## 1912 LEITAR AÐ MATREIÐSLUMEISTARA MEÐ MIKINN METNAÐ OG FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTAHÆFNI

### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Matreiðsla með hollustu og næringargildi að leiðarljósi
- Framreiðsla og frágangur í mötuneyti
- Innkaup og skipulagning matseðla
- Umsjón með kaffiborum og veitingum á fundum
- Þátttaka í vöruþróun og innri markaðssetningu
- Tilfallandi bakstur/matreiðsla vegna vörukynninga í búðum

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun í matreiðslu
- Kostnaðarvitund, töluleggni og góð almenn tölvufærni
- Þekking á útreikningum á næringargildi kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

**1912** er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Það þjónar dótturfélögum sínum Nathan & Olsen, Ekrunni og Góðu fæði með því að samnýta mannauð, tæki og aðrar auðlindir til að ná fram hagkvæmni í rekstri. Jafnframt er 1912 samnefnari þeirra gagnvart starfsfólki sem er í dag í kring um 90 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík þar sem jafnframt er rekið vel útbúið mötuneyti. Að auki er starfsstöð á Akureyri.

Gildin sem starfsfólk hefur að leiðarljósi eru:
**Frumkvæði - Liðsheild - Áreiðanleiki - Ástríða**

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Viðkomandi starfsmaður myndi heyra undir mannauðsstjóra. Um er að ræða 100% starf og daglegur vinnutími 8.00-16.00. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir um starf sendi umsókn á: atvinna@1912.is merkta „matreiðslumeistari 1912“. Greina skal frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfi.

Umsjón með ráðningu hefur Inga Guðrún Birgisdóttir mannauðsstjóri s. 821-8435. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
**Umsóknarfrestur er til 11. ágúst.**

Cocoa Puffs · Heinz · Dove · McVITIE'S · Dole · Neutral · Gott fæði · Dan Sukker · Cheerios

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010 · 2011 · 2012

Ekran · Nathan & Olsen hf




## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Akureyrar

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra Golfklúbbs Akureyrar (GA). Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn GA. Hann gegnir lykilhlutverki í starfi klúbbsins og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri hans.

Í aðsetri klúbbsins að Jaðri er starfræktur 18 holu golfvöllur, æfingasvæði, sérverslun með golfvörur, veitingasala og leiga á golfbílum og -settum. Utan sumartíma fer starfsemi klúbbsins fram í fyrsta flokks æfingaaðstöðu í Golfhöllinni sem er í kjallara Íþróttahallarinnar við Sundlaug Akureyrar og er miðsvæðis í bænum.

Nánari upplýsingar um GA má finna á www.gagolf.is og www.arcticopen.is.

**Starfssvið:**
- Yfirumsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri, þar með talið starfsmanannahald, fjármál og samskipti við opinbera aðila
- Ábyrgð á þjónustu við klúbbmeðlimi sem og almenna kylfinga
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Samræming verkefna og eftirfylgni þeirra
- Upplýsingagjöf og samstarf við stjórn og nefndir klúbbsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun og / eða menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af íþróttastarfi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum, samskiptahæfni og samstarfsvilji
- Jákvæðni og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta, í töluðu og rituðu máli
- Haldgóð tölvukunnátta
- Reynsla af stjórnun

Umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá umsækjanda og kynningarbréf þar sem ástæða umsóknar er tilgreind.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Steindór Árnason, varaformaður GA, í síma 864-8924 og í netfanginu jsarnason@gmail.com.

**Umsóknarfrestur er til 10. ágúst. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 1. október. Farið verður með allar umsóknir sem trúaðarmál. Umsóknum má skila rafrænt á netfangið umsokn@gagolf.is.**

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

# Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?



Ef þú ert glaðlegur og þjónustulundaður einstaklingur sem hefur gaman af því að spjalla þá eigum við mjög líklega vel saman.

Þjónustusvið 365 miðla leitar eftir kraftmiklum þjónustufulltrúum til starfa. Í starfinu felst m.a. þjónusta við áskrifendur og sala áskrifta.

Um er að ræða bæði fullt starf (vaktavinnu) sem og hlutastarf en þar er aðallega unnið á kvöld- og helgarvöktum. Þjónustufulltrúi þarf að hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum, ríka þjónustulund, geta unnið sjálfstætt auk þess að vera stundvís og reglusamur. Reynsla af þjónustustörfum er æskileg.

**Nánari upplýsingar veitir Rakel Júlía Jónsdóttir, þjónustustjóri, rakelj@365.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 8.ágúst nk**

365

Fjallabyggð

# Markaðs- og menningarfulltrúi

31. Járnflói var stórbýli, öfugt við Sumarhús (9)
35. Kostar myrkfælin skepna meira í björtu? (6)
36. Liðtækir við leiðslur (6)
37. Þumlungur er jafnlangur Tómasi litla (5)
40. Ráðið er frelsað (5)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | M | T | M | A | N | N | S | S | T | Í | G | U | R | | S | | L | | L |
| S | | O | | | Ó | | E | | Æ | | E | | A | S | K | L | O | K | I |
| T | A | P | P | A | T | O | G | A | R | A | R | | K | | A | | K | | T |
| R | | P | | | E | | U | | | | V | Á | K | A | N | N | A | | B |
| A | U | S | T | U | R | B | L | O | K | K | I | N | A | | D | | K | | R |
| L | | T | | | A | | S | | V | | B | I | R | K | I | S | A | F | I |
| T | R | Y | G | G | Ð | A | T | R | Ö | L | L | | A | | N | | F | | G |
| E | | K | | A | | | Á | | R | | Ó | S | P | J | A | L | L | A | Ð |
| R | Ö | K | K | U | R | S | L | Æ | Ð | U | M | | A | | V | | A | | I |
| T | | I | | Ð | | | I | | U | | I | | K | | A | | | E | |
| U | R | Ð | A | R | H | Æ | Ð | | M | A | N | N | K | E | R | T | I | N | U |
| G | | | | I | | T | | Þ | | Ð | | Ú | | G | | R | | D | |
| U | T | A | N | F | Ó | T | A | R | | L | Ó | M | A | G | N | Ú | P | U | R |
| B | | | | Ð | | A | | Æ | | E | | E | | J | | Ð | | R | |
| B | R | A | U | Ð | B | R | E | T | T | I | | R | | A | | S | | R | |
| | E | | N | | | D | | U | | Ð | | A | Ð | F | A | L | L | I | Ð |
| Æ | F | I | N | G | A | R | L | E | Y | S | I | Ð | | R | | Æ | | T | |
| | S | | Þ | | | A | | P | | L | | R | | A | Ð | T | A | U | G |
| L | I | Ð | Ó | T | T | U | | L | | A | | A | | U | | I | | Ð | |
| | Ð | | R | | | G | | I | Ð | N | F | R | Æ | Ð | I | N | G | U | R |

Lausnarorð síðustu viku var
**GÆSLUVARÐHALD**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Flekkuð eftir Cecilia Samartin frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Heiðrún Ásgeirsdóttir Dalvíkurbyggð**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem ósjaldan reynist takmörkuð innistæða fyrir.

Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. ágúst“.






## DÝR VIKUNNAR ASÍSKI BJARNKÖTTURINN



**VÍGALEGUR** Hinn svonefndi Binturong getur verið illskeyttur þegar á reynir. Yfirleitt er hann samt rólegur og feiminn.

# Lyktar eins og poppkorn

Asíski bjarnkötturinn, sem á flestum tungumálum er kallaður binturong, er flykki af deskattaætt og á heimkynni sín í Suður- og Suðaustur-Asíu.

Binturonginn svokallaði er raunar stærstur allra dýra í ættinni. Hann getur orðið 84 sentimetra langur og rófan tæpir 70 sentimetrar að auki. Fullvaxið dýr er um 30 kíló.

Bjarnköttur þessi heldur til í skóglendi, mestmegnis uppi í trjám, og er á ferli svo til hvenær sem er sólarhrings.

Hann er alæta, nærist á smáum spendýrum, fiskum, fuglum, skordýrum og ávöxtum. Hann er reyndar ekki sérstaklega búinn til veiða og þess vegna er talið líklegt að jurtir séu uppistaðan í mataræði hans–sérstaklega er binturonginn sólginn í fíkjur.

Þessi asíski bjarnköttur er silalegur klunni og hreyfir sig hægt, þótt hann sé eðli málsins samkvæmt nokkuð flinkur að klifra í trjám.

Hann tjáir sig mikið með rófunni og lyktarkirtlum við endaþarminn. Úr honum seytlar þefur sem minnir á lykt af poppkorni.

Binturongar búa margir hverjir á sama svæði og hugsanleg rándýr, til dæmis hlébarðar og pýtonslöngur, og það er sjaldgæft að ráðist sé á fullvaxnar skepnur.

Þótt binturonginn sé jafnan mjög hæglátur og feiminn getur hann orðið býsna árásargjarn ef honum er storkað og byrjar yfirleitt á því að míga eða skíta á ógnvaldinn áður en hann fer að sýna tennurnar og urra. Ef ekkert af þessu fælir óvininn á brott þá fyrst notar hann kröftugan skoltinn og tennurnar í sjálfsvörn.

Binturongar geta orðið allt að 25 ára gamlir og eru flokkaðir í viðkvæmri stöðu. Sums staðar í Asíu eru þeir taldir í bráðri útrýmingarhættu, til dæmis í Kína, en annars staðar þykir ekki ástæða til að hafa stórkostlegar áhyggjur–enn um sinn að minnsta kosti. **- sh**


BYLGJAN 989
VERSLUNARMANNAHELGIN
ÚTIHÁTÍÐIR - SKEMMTANIR
UMFERÐIN - FRÉTTIR - FÓLK
GRÍN - FRÓÐLEIKUR - GLEÐI
BREKKUSÖNGURINN
MEÐ INGÓ VEÐURGUÐ Í BEINNI
BYLGJAN
Á FERÐINNI
UM LAND ALLT
FÖSTUDAGUR 2. ÁGUST
06:55 - 10:00 Í bítið. Heimir Hulda og Gulli
10:00 - 13:00 Ívar Guðmudsson
13:00 - 16:00 Hlynur Hallgríms
16:00 - 18:30 Reykjavík síðdegis
19:30 - 22:00 Ásgeir Páll, Ívar og Jói K.
22:00 - 01:00 Partývaktin frá Vestmannaeyjum
LAUGARDAGUR 3. ÁGUST
09:00 - 12:00 Hreimsborgarar
12:00 - 16:00 Tjúllum og Tjei frá Vestmannaeyjum
16:00 - 18:30 Siggi Hlö, Veistu hver ég var
19:00 - 01:00 Ásgeir Páll, Partývaktin
SUNNUDAGUR 4. ÁGUST
09:00 - 12:00 Rúnar Freyr á rúntinum
12:00 - 16:00 Bjarni Ara & Þórunn Clausen
16:00 - 18:30 Siggi Hlö, Veistu hver ég var
19:00 - 23:00 Ásgeir Páll, Partývaktin
23:00 - 00:00 Brekkusöngurinn með Ingó veðurguð
MÁNUDAGUR 5. ÁGUST
10:00 - 12:00 Sprengisandur
12:00 - 16:00 Bjarni Ara & Þórunn Clausen
16:00 - 18:30 Ásgeir Páll
BYLGJAN 989
GÓÐA SKEMMTUN

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR KRISTJÁNSSONAR**
**fyrrverandi yfirkennara,**
**Vesturgötu 7, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins að Vesturgötu 7.

**Björg Sigurðardóttir** **Troels Bendtsen**
**Hanna Sigurðardóttir** **Kristinn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



**VIGFÚS G. HELGASON**
**fyrrverandi verslunamaður,**
**Hófgerði 4, Kópavogi,**

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 30. júlí, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
**Helga Helgadóttir**

†



Elskuleg móðir mín og amma okkar,

**ELÍN MARGRÉT KARLSDÓTTIR BEITTEL**
**áður til heimilis að Norðurbraut 17, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu 31.maí sl. í Oak View, Kaliforníu.

**Gréta Davis**
**Gunnar Guðmundsson**
**Bjarni Guðmundsson**
**Karl Guðmundsson**
**Shane Davis**
**og fjölskyldur.**

†



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**ÓSKARS ÓSKARSSONAR**

**Ragnheiður Baldursdóttir**
**Sigríður S. Óskarsdóttir** **Ólafur M. Ólafsson**
**Óskar B. Óskarsson** **Ingibjörg Hjálmfríðardóttir**
**Baldur Ö. Óskarsson** **Kristín J. Kolbeinsdóttir Diego**
**barnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HANNA JONNÝ SÍMONARDÓTTIR**
**Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 1. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Ólöf Hreiðarsdóttir**
**Helen Hreiðarsdóttir** **Haraldur Arason**
**Linda Björg Guðmundsdóttir**
**Helgi Örn Guðmundsson**
**barnabörn og langömmubörn.**


## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is


# Vaninn að fjölskyldan reyni að fífla mig

## Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 landsliðs Íslands í knattspyrnu, fagnar 45 ára afmælisdeginum í útilegu á Suðurlandi. Aldrei kom til greina að blása til veislu.

„Eftirminnilegasti afmælisdagurinn er fertugsafmælið, fyrir fimm árum, þegar við héldum veislu á sveitabýli rétt fyrir utan Sauðarkrók. Þetta var kántríball og allir í kúrekafötum og mikið stuð. Ég hef gaman af hestum en er nú ekki mikið inni í kántrítónlistinni. Það er helst að ég syngi fyrir sjálfan mig í sturtunni. Við Skagfirðingar þykjumst alltaf kunna að syngja, hvort sem er á sveitaböllunum eða í réttum," segir Eyjólfur Sverrisson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í knattspyrnu, sem nú þjálfar U-21 landsliðs Íslands. Eyjólfur á 45 ára afmæli í dag og hyggst eyða deginum í útilegu með fjölskyldunni á Suðurlandi, nánar tiltekið nærri Skaftafelli. „Húsið mitt er samt vaktað, svo það komi skýrt fram," segir Eyjólfur og hlær.

„Þetta er nú enginn stóráfangi, svo það kom aldrei til tals að blása til neinnar stórveislu," segir Eyjólfur, en viðurkennir þó að hann gruni að fjölskyldan lumi á einhvers konar gríni í tilefni dagsins þótt hún sé stödd fjarri heimahögum. „Þau eru eitthvað að reyna að fífla mig. Það er reglan, að þau láti eins og ekkert sé en svo gerist eitthvað óvænt. Ég bíð bara spenntur."

Sem atvinnumaður í knattspyrnu lék Eyjólfur í Þýskalandi með Stuttgart og Herthu Berlin og einnig með Besiktas í Tyrklandi. „Þegar ég spilaði í þessum löndum hittist þannig á að tímabilin voru alltaf í þann mund að hefjast þegar ég átti afmæli, svo það var nú lítið um stórhátíðahöld," segir Eyjólfur, sem þjálfaði A-landslið Íslands um tíma en einbeitir sér nú að því að þjálfa unga og efnilega leikmenn í U-21 landsliðinu. „Stór hluti af sumrinu hjá mér hefur farið í að fylgjast með Pepsi-deildinni, mæta á leiki og fylgjast með ungum leikmönnum. Ég vil síður nefna ákveðin nöfn en ég ehf tekið eftir mörgum mjög efnilegum í sumar, en svo er þetta alltaf spurningin um að taka skrefið upp á við og verða góður. Það getur oft reynst erfitt."

Næsti leikur U-21 landsliðsins er gegn Hvíta-Rússlandi á Vodafone-vellinum þann 14. ágúst næstkomandi. Ísland hefur þegar unnið tvo fyrstu leiki sína í undankeppni EM, sem fer fram í Tékklandi árið 2015, gegn téðum Hvít-Rússum og Armenum á útivelli. „Þetta hefur farið vel af stað hjá okkur. Ætli það sé ekki best að sjá hvernig næstu leikir þróast og þá getum við farið að setja okkur alvöru markmið," segir Eyjólfur.

kjartan@frettabladid.is



**ÞJÁLFARINN** Eyjólfur Sverrisson hefur eytt drjúgum hluta sumarsins í að fylgjast með Pepsi-deildinni í knattspyrnu og sigta út unga og efnilega leikmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EYÞÓR MAGNÚSSON**
**frá Geirastöðum,**

lést 30. júlí. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Una Eyþórsdóttir**
**Magnús Böðvar Eyþórsson**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HELGI BENEDIKT AÐALSTEINSSON**
**Sniðgötu 3, Akureyri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð 29. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju 7. ágúst kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jónas Heiðdal Helgason** **Sigríður Stefanía Stefánsdóttir**
**Jón Aðalsteinn Helgason** **Guðrún Kristjánsdóttir**
**Sigfús Valtýr Helgason**
**Guðlaug Bára Helgadóttir**
**Þórunn Helga Helgadóttir** **Jakob Sævar Stefánsson**
**Benedikt Helgason** **Lína Björg Sigurgísladóttir**
**og barnabörn.**

†



Hjartkær fósturmóðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**INGIBJÖRG BERGMANN HJÁLMARSDÓTTIR**

lést fimmtudaginn 1. ágúst.

**Bogey Ragnheiður Jónsdóttir** **Sigfús Þórir Guðlaugsson**
**Viðar Guðmundur Arnarson**
**Leó Geir Arnarson**
**Guðlaugur Andri Sigfússon**
**Inga Rún Sigfúsdóttir**
**Bára Huld Sigfúsdóttir**
**makar, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

†



Við þökkum öllum þeim sem sýndu samúð og vinarhug við andlát eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu og langömmu,

**RAGNHEIÐAR HLÍFAR JÚLÍUSDÓTTUR,**
**Skálateig 7, Akureyri,**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þann 19 júlí sl. Útförin fór virðulega fram frá Akureyrarkirkju 29. júlí sl.

**Brjánn Guðjónsson**
**Baldur Brjánsson**
**Júlíus Ingvar Brjánsson**
**Guðjón Svarfdal Brjánsson**
**Björk Elfa Brjánsdóttir**
**Snjólaug Jónína Brjánsdóttir**
**Þráinn Brjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SUMARLIÐI PÁLL VILHJÁLMSSON**
**bóndi,**
**Ferjubakka III, Borgarhreppi,**

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð, Borgarnesi, miðvikudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 10. ágúst kl. 14.00.

**Vilhjálmur E. Sumarliðason** **Hjálmfríður Jóhannsdóttir**
**Eva Ingibjörg Sumarliðadóttir**
**Jóhannes Torfi Sumarliðason** **Anna María Sigfúsdóttir**
**Þórdís M. Sumarliðadóttir** **Jóhann B. Marvinsson**
**Pétur Í. Sumarliðason** **Guðrún Kristjánsdóttir**
**Ólöf S. Sumarliðadóttir** **Sigurbergur D. Pálsson**
**Sveinbjörg R. Sumarliðadóttir** **Albert Ólafsson**
**Ágúst Páll Sumarliðason** **Hafdís Gunnarsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VERSLUNARMANNAHELGIN Í BÓNUS

3/8 LAUGARD. **10:00-18:00**
4/8 SUNNUD. **12:00-18:00**
**MÁNUDAGUR LOKAÐ**
6/8 ÞRIÐJUD. **11:00-18:30**

# Góða ferð!

# Lokað

í öllum verslunum
Bónus mánudaginn
5. ágúst á frídegi
verslunarmanna

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

SPENNANDI
SUNNUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:

2 | 2 GULL | 2 BÍÓ | 2 krakkar | Popp TíVí



20:10
2 RIZZOLI & ISLES
Spennandi dramaþáttaröð með rannsóknarlögreglukonunni Jane Rizzoli og lækninum Mauru Isles.



20:55
2 THE KILLING
Æsispennandi sakamálaþættir sem byggja á dönsku verðlaunaþáttunum Forbrydelsen.



21:40
2 CROSSING LINES
Hópur þrautþjálfaðra rannsóknarlögreglumanna ferðast um Evrópu og rannsakar dularfull sakamál.



7:00-20:00
2 krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00
2 BÍÓ THE NINES
Spennandi og yfirnáttúruleg mynd með Ryan Reynolds í aðalhlutverki.

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 HD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Trúlega er sá drengskapurinn minnstur að kunna ekki að þegja.**

*Broddi Jóhannesson*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** getraun, **6.** tímaeining, **8.** mælieining, **9.** prjónavarningur, **11.** íþróttafélag, **12.** málum, **14.** ósannindi, **16.** tveir eins, **17.** kvk nafn, **18.** for, **20.** tveir eins, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sleipur, **3.** í röð, **4.** skerðing, **5.** dýrahljóð, **7.** yfirmannslegur, **10.** stykki, **13.** sarg, **15.** drykkur, **16.** ósigur, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gátu, **6.** ár, **8.** bar, **9.** les, **11.** kr, **12.** litum, **14.** skrök, **16.** tt, **17.** gró, **18.** aur, **20.** kk, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** háll, **3.** áb, **4.** takmörk, **5.** urr, **7.** reistur, **10.** stk, **13.** urg, **15.** kókó, **16.** tap, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vladimir Kramnik (2784) er í miklu stuði í Dortmund. Í sjöttu umferð mætti hann þýska stórmeistaranum Daniel Fridman (2629).**
**Hvítur á leik**



**29. Rd5!! exd5 (svartur á ekkert betra) 30. Bxf6 Re5 (ef 30...Rxf6 þá 31. Rxf6+ Ke7 32. De5 mát!) 31. Dxe5+ Kd7 32. Bg7! He8 33. Rf6+ Kc7 34. Da1 og svartur gafst upp.**

**www.skak.is** Dortmund-mótinu lýkur um helgina.




Toppskórinn Outlet

Toppskórinn Markaður

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**



**ERFITT** Hegðun Whites er ekki til fyrirmyndar. GETTY/NORDICPHOTOS

## Nálgunarbann á Jack White

Fyrrverandi eiginkona Jacks White, söngkonan og fyrirsætan Karin Wilson, hefur nú farið fram á nálgunarbann á söngvarann. Söngvarinn vinsæli úr White Stripes má engin samskipti við fyrrverandi hafa, nema hvað varðar börn þeirra. Hjónin skildu árið 2011 og síðan þá hefur verið mjög stirt á milli þeirra. Wilson heldur því fram að White sé ofbeldishneigður og að hann hafi ítrekað hunsað að mæta í fjölskylduráðgjöf, sem átti að bæta samskipti þeirra eftir skilnaðinn. White á að hafa tekið börn þeirra úr skólanum án hennar samþykkis, þar sem börnin voru í sama bekk og börn tónlistarmanns sem hann heldur fram að sé að stela tónlist hans. Wilson segir í yfirlýsingu að hún óttist hegðun söngvarans og að hún vilji tryggja öryggi sitt og barna þeirra með nálgunarbanninu.

# Bannað að ofhugsa

Danski leikstjórinn Nicolas Winding Refn sló í gegn með fyrstu kvikmynd sinni, Pusher. Nýjasta mynd hans, Only God Forgives, var frumsýnd hér fyrir stuttu.

„Viðbrögðin við myndunum mínum hafa alltaf verið svona, þetta var því ekkert nýtt fyrir mér. Ég tel það vera tákn um velgengni ef fólk elskar það sem aðrir hata, þá hefur maður gert eitthvað rétt í listsköpuninni,“ segir danski leikstjórinn Nicolas Winding Refn þegar blaðamaður Fréttablaðsins spyr hann út í viðbrögð áhorfenda við kvikmynd hans, Only God Forgives. Myndin, sem skartar Ryan Gosling í aðalhlutverki, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes nú í vor og hlaut bæði lof bíórýna og einnig mikla gagnrýni.

Winding Refn er danskur og eru foreldrar hans báðir tengdir kvikmyndaiðnaðinum; faðir hans, Anders Refn er leikstjóri, og móðir hans, Vibeke Winding, er kvikmyndatökukona. „Þegar maður hefur verið viðloðandi kvikmyndaiðnaðinn frá blautu barnsbeini, verður þetta manni nánast eðlislægt,“ segir leikstjórinn sem sló í gegn árið 1996 með sinni fyrstu kvikmynd, Pusher. Sjálfur segist hann þó lítið spá í eigin velgengni. „Velgengni er blekking. Ef maður hugsar of mikið um hana þá verða mistök óhjákvæmileg. Maður á þess í stað að taka af skarið og framkvæma, ef maður ofhugsar hlutina verður maður þræll eigin væntinga,“ segir Winding Refn og gerir hér hlé á máli sínu til þess að sinna börnum sínum sem dvelja með honum tímabundið í Los Angeles.



**MEÐ LEIKURUNUM** Nicolas Winding Refn ásamt leikurum myndarinnar, Vithaya Pansringarm, Kristin Scott Thomas og Rhatha Phongam.

Spurður út í samstarf sitt og leikarans Ryans Gosling segir leikstjórinn það gott, en þeir höfðu áður unnið saman að gerð kvikmyndarinnar Drive. „Við þekkjum hvor annan betur núna og samstarfið var því auðveldara.“

Tónlist spilar veigamikið hlutverk í kvikmyndum Windings Refn og kveðst hann leggja mikla vinnu í lagavalið. „Ég er hrifinn af ólíkum tónlistarstefnum og valið ræðst af því. Við klipparinn vinnum þetta svo áfram í sameiningu.“

Leikstjórinn dvelur nú ásamt fjölskyldu sinni í Los Angeles þar sem hann undirbýr næsta verkefni, endurgerð kvikmyndarinnar Barbarellu. „Ég er að skrifa handritið og sú vinna gengur vel. Svo sjáum við hvað gerist,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

### ➜ Myndir Nicolas Winding Refn

| | |
|---|---|
| **Pusher** | 1996 |
| **Bleeder** | 1999 |
| **Fear X** | 2003 |
| **Pusher II** | 2004 |
| **Pusher III** | 2005 |
| **Bronson** | 2008 |
| **Valhalla Rising** | 2009 |
| **Drive** | 2011 |
| **Only God Forgives** | 2013 |

**Menntaskólinn við Hamrahlíð**
www.mh.is

**STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2013**
Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska/Danish (6 einingar/10 fein*), | mán. | 19. ágúst | kl. 15:00. |
| Enska/English (9 einingar/15 fein*), | mán. | 19. ágúst | kl. 17:00 |
| Franska/French (12 einingar/20 fein*) | fös. | 16. ágúst | kl. 15:00. |
| Ítalska/Italian (12 einingar/20 fein*), | fös. | 16. ágúst | kl. 15:00. |
| Norska/Norwegian (6 einingar/10 fein*), | mán. | 19. ágúst | kl. 15:00. |
| Spænska/Spanish (12 einingar/20 fein*), | fös. | 16. ágúst | kl. 15:00. |
| Stærðfræði/ Mathematics | | | |
| (stæ103/5 fein, stæ203/5 fein , stæ263/5 fein) | fim. | 15. ágúst | kl. 15:00. |
| Sænska/Swedish (6 einingar/10 fein*), | mán. | 19. ágúst | kl. 15:00. |
| Þýska/German (12 einingar/20 fein*), | fös. | 16. ágúst | kl. 15:00. |

*hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans www.mh.is. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200 eftir 11. ágúst. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 8000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

**PLACEMENT TESTS**
Placement tests (for Secondary School credit) will be held at Menntaskólinn við Hamrahlíð in the subjects listed above.

On-line registration takes place on the school website www.mh.is. For more information call the school office tel. 595-5200 after August 11th. Everyone sitting the test must show an ID with a picture.

The fee, kr. 8000 per test, should be paid to the account of the Menntaskólinn við Hamrahlíð bank 323 – 26 – account no. 106, id. 460269-3509 before noon on the day of the test, except for Norwegian and Swedish should be before noon on the day before the test. Please provide the name and identification number of the examinee when paying. Only those that have paid can sit the exam.

Rektor.

# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**3. ÁGÚST 2013**

### Tónleikar

**15.00** Júlía Traustadóttir og Hildur Heimisdóttir halda tónleika með yfirskriftina Bæn í baðstofunni. Þær leika og syngja íslenska sálma með undirleik langspils. Tónleikarnir hefjast kl. 15. Bachsveitin flytur svo ítalska dagskrá með strengjatónlist frá 17. öld kl 17.

### Opnanir

**14.00** Dagbjört Brynja Harðardóttir opnar sýninguna Píkublóm í sal Myndlistarfélagsins í Listagilinu á Akureyri í dag kl. 14. Brynja sýnir málverk sem unnin eru með olíu og akrýl ásamt innsetningu á píkublómum úr hekluðum pottaleppum og dúllum.

### Listahátíð

**13.00** Álfagarðurinn stendur fyrir ljúfum fjölskyldudegi í Hellisgerði í Hafnarfirði í dag, innan um álfa og fugla í notalegu umhverfi. Gleðin hefst kl. 13 og stendur til kl. 17.

### Tónlist

**13.00** Einn virtasti organisti Svíþjóðar, Hans Fagius, leikur á Klais orgel Hallgrímskirkju. Miðaverð á tónleikana er kr. 1700. Hans spilar einnig á morgun, sunnudag, en þá hefjast tónleikarnir kl. 17.

**15.00** Í dag spilar kvartett gítarleikarans Andrésar Þórs Gunnlaugssonar á Jómfrúnni. Aðrir hljóðfæraleikarar eru þeir Jóel Pálsson á saxófón, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Þeir munu flytja jazzstandarda úr ýmsum áttum. Tónleikarnir standa á milli kl. 15 og 17 og fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.

**18.00** Í dag kl. 18 munu þær Júlía Traustadóttir og Hildur Heimisdóttir syngja íslensk þjóðlög og leika undir á langspil í verslun 12 tóna á Skólavörðustíg. Allir velkomnir.

**22.00** Magnús R. Einarsson og gestir hans skemmta á Café Rosenberg kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**23.00** Hljómsveitin Mannakorn mun spila á Græna hattinum í kvöld kl. 23. Miðaverð á tónleikana er kr. 3.000.

**23.00 Plötusnúðurinn Housekell sér um að halda stuðinu gangandi á skemmtistaðnum Harlem á laugardagskvöldið. Hann þeytir skífum frá kl. 23.**

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da í kvöld kl. 23.

### Samkoma

**20.30** Í kvöld kl. 20.30 verður varðeldur rétt norðan við tjaldsvæðið í Ásbyrgi. Notaleg fjölskyldustund þar sem sungið verður við varðeldinn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

# ÚTSALA

-20% -40% -60%

**LONSDALE RENND HETTUPEYSA KVENNA**
MARGIR LITIR
4.390 KR

**SLAZENGER BÓMULLARPEYSA**
CRAZY PRICE!
1.390 KR

**FIRETRAP PATH V-HÁLSMÁLS BOLUR**
MARGIR LITIR
2.790 KR

**DONNAY STUTTBUXUR**
MARGIR LITIR
CRAZY PRICE!
1.190 KR

**PEPSI CLASSIC STUTTBUXUR**
-40%
1.590 KR

**EVERLAST INNISKÓR**
MARGIR LITIR
1 FYRIR 1.590 KR
2 FYRIR 2.390 KR

**SLAZENGER KÖFLÓTTAR STUTTBUXUR**
1 FYRIR 1.590 KR
2 FYRIR 2.390 KR

**SLAZENGER ÍÞRÓTTABUXUR**
1 FYRIR 2.390 KR
2 FYRIR 3.590 KR

**SLAZENGER KVARTBUXUR**
MARGIR LITIR
1 FYRIR 1.990 KR
2 FYRIR 2.990 KR

**SLAZENGER V HÁLSMÁLS BOLUR**
MARGIR LITIR
1 FYRIR 1.190 KR
2 FYRIR 1.590 KR

**KARRIMOR HOT ROCK GÖNGUSKÓR**
8.990 KR
MARGIR LITIR

**SLAZENGER STRIGASKÓR**
1.390 KR

**KARRIMOR BORDER HERRA**
5.990 KR
MARGIR LITIR

**LONSDALE BÓMULLARBUXUR KVENNA**
2.990 KR
MARGIR LITIR

**NIKE RIVAL BUXUR**
MEGA VALUE
4.990 KR

## SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI - OPNUNARTÍMAR

MÁN-MIÐ: 10-19
FIMMTUDAGA: 10-21
FÖSTUDAGA:10-20
LAU-SUN: 10-18
LOKAÐ MÁNUDAG 5. ÁGÚST

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ONLY GOD FORGIVES | 8, 10 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 | 2 3D | L |
| STRUMPARNIR 2 | 2, 5 2D | L |
| GROWN UPS 2 | 5, 8 | L |
| R.I.P.D. | 8, 10 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 2, 5 2D | L |
| THE HEAT | 10.10 | 12 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| GAMBIT | KL. 6 - 8:30 - 10:30 | 7 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENS TAL 2D | KL. 1:20 - 3:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10:20 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 TILBOÐ 400 KR. | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 2 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 12:40 - 3 - 5:30 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| THE WOLVERINE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MONSTERS UNIV. ÍSL TAL | KL. 2D: 1 - 3:20 - 5:40 3D: 12:40 - 3 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 10:20 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 1:20 - 3:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| RED 2 | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| THE WOLVERINE 3D | KL. 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| GROWN UPS 2 | KL. 8 | |




| SMÁRABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ENS. TAL ÓTEXT. | KL. 5.40 - 10.20 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| WOLVERINE 3D LÚXUS | KL. 1 - 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 1 (TILBOÐ) 8 - 10.20 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 3D ÍSL. TAL | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 | L |
| RIPD 3D | KL. 10.30 | 10 |
| THE HEAT | KL. 8 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D/3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 (TILBOÐ) 5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WOLVERINE 3D | KL. 3 (TILBOÐ) 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| RIPD 2D | KL. 8 | 10 |
| THE HEAT | KL. 3 (TILBOÐ) 5.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

STRUMPARNIR 2D KL. 2 (L) / STRUMPARNIR 3D KL. 4 - 6 (L)
ONLY GOD FORGIVES KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D KL. 10 (14)
GROWN UPS 2 KL. 4 - 6 - 8 (L) / EPIC 2D KL. 2 (L)




# Á nærbuxum í Paradís

**BAKÞANKAR**
Karenar Kjartansdóttur



Garður móður minnar hlýtur að minna á Paradís.“ Þetta hvarflaði að mér þar sem ég lá í makindum í þessum sama garði og fylgdist með börnunum mínum leika eins og æstum (næstum djöfulóðum) guðslömbum í kring. Það jók enn á áhrifin að í sama vetfangi byrjuðu ómar frá verslunarmannahelgarhátíð hvítasunnufólks að berast í gegnum laufþykknið á Hvolsvelli. „Paradís eða himnaríki er staður hinna réttlátu eftir dauðann í gyðingdómi, kristindómi og íslam.“ Þetta stóð í Íslensku alfræðiorðabókinni sem ég fletti upp í vegna þessara hugrenninga í garðinum.

**EN** miklu víðar leynast í hugum mannsins dýrðarstaðir, ódáinsakrar, eilífðarvellir og sælustaðir en í þessum hugmyndaheimum. Til þess að teljast réttlátur þarf svo að vera góður en samkvæmt flestum trúarhugmyndum virðist það byggja á því fólk hórist ekki og sé nokkuð hófsamt. Eiginlega þveröfugt við það sem gerist á flestum útihátíðum en nú er ég komin á hála braut.

**RIFJUÐUST** upp fyrir mér fleiri Paradísir, svo sem ein í helli undir Eyjafjöllum. Þið vitið, þar sem hann Hjalti dvaldi hér um árið og elskaðist með henni Önnu á Stóru-Borg á laun. Þangað dró ég manninn minn fyrir um þrettán árum. Ekki gekk það þrautalaust enda nokkuð klifur upp í hellinn og hann var í þröngum gallabuxum. Það varð því úr að hann brá sér úr þeim og klifraði upp á myntugrænum nærbuxum. Þar beið ég hans og tók vel á móti honum eins og Önnu hefði þótt við hæfi.

**SJÁLFSAGT** hefði þetta orðið fögur minning ef ekki hefði lítil rúta stoppað uppi á þjóðvegi á þessari stundu. Það jók á hryllingsáhrifin að sjá að þarna voru krakkar úr Hvítasunnusöfnuðinum að koma, dásamlegt fólk sem ég þekkti og langaði einmitt ekki að mæta í þessum aðstæðum. Laglína Guns n‘ Roses „Take me down to the paradise city“ kom upp í hugann. Líkt og Adam og Eva forðum klöngruðumst við því niður úr Paradís, ögn niðurlægð en skellihlæjandi.

# Kettir koma í veg fyrir kvíða

## Sambúð með ketti er heilsubætandi, sérstaklega fyrir börn sem þjást af kvíða.

Sambúð með ketti er heilsubætandi og þá sérstaklega fyrir börn sem þjást af kvíða. Þetta leiðir rannsókn í ljós sem gerð var í New York University Child Study Center.

Harold S. Koplewicz, stofnandi New York University Child Study Center, segir kattahald hafa reynst þunglyndum börnum og unglingum vel í veikindum þeirra. Koplewicz segir kvíða gjarnan vera undanfara þunglyndis, hann telur að sambúð með ketti hafi jákvæð áhrif á börn sem þjást af kvíða. Ástæðurnar segir hann meðal annars vera þær að skilyrðislaus vinátta dýrsins sé hughreystandi fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með að mynda vinasambönd og að leikur við dýrið leiði huga barnsins frá hugsunum sem veki upp kvíða. Einnig er nánd við dýrið róandi fyrir börn sem og fullorðna.



**GÓÐUR VINUR** Kettir eru taldir vera heilsubætandi fyrir börn sem þjást af kvíða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA











BÍÓ ★ PARADÍS *Heimili kvikmyndanna*
EUROPA CINEMAS · Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS


Hljómsveit allra Landsmanna
STUÐMENN
STÓRTÓNLEIKAR
Í FJÖLSKYLDU- & HÚSDÝRAGARÐINUM
UM VERSLUNARMANNAHELGINA,
SUNNUDAGINN 4. ÁGÚST KL. 20.00
HEIÐURSGESTIR:
GÓGÓ
DANSARARNIR
SVEPPI OG
VILLI !
WWW.LINLOE.COM
MIÐAVERÐ AÐEINS KR. 1.000 Í FORSÖLU Á MIDI.IS - FYRIR FYRSTU 1000 GESTINA.
MIÐAVERÐ EFTIR ÞAÐ OG VIÐ HLIÐIÐ KR. 1.500. TAKMARKAÐUR MIÐAFJÖLDI!



## Litli Hlynur fékk að fara með

**KÖRFUBOLTI** Stefán Karel Torfason er í tólf manna leikmannahópi íslenska körfuboltalandsliðsins sem mætir Búlgörum á morgun en þetta er fyrsti leikur íslenska liðsins í undankeppni EM 2015.

Stefán Karel er reynsluminnsti leikmaðurinn í íslenska hópnum en þessi orkubolti leikur með Snæfelli í Stykkishólmi og spilaði sinn fyrsta landsleik á móti Dönum á dögunum.

Peter Öqvist, sænskur þjálfari íslenska liðsins, hefur mikla trú á Stefáni og sagan segir að hann kalli slæmt fyrir strákinn að fá slík meðmæli frá Öqvist, sem þjálfar Hlyn Bæringsson bæði hjá Sundsvall og íslenska landsliðinu.

Leikur Íslands og Búlgaríu hefst klukkan 16.00 á morgun og er sýndur beint á RÚV Sport.

## ÍBV-FH á Þjóðhátíð í dag Allir í brekkunni verða rukkaðir inn

**FÓTBOLTI** ÍBV og FH mætast í dag á Hásteinsvellinum í Vestmannaeyjum í 14. umferð Pepsi-deildar karla og er þetta í fyrsta sinn sem spilað er á miðri Þjóðhátíð. „Það verður nóg af gæslumönnum og þrisvar sinnum fleiri lögreglumenn en venjulega. Við höfum engar áhyggjur af þessu," segir Örn Hilmisson sem er yfir öryggismálunum á leiknum í dag. Örn hefur ekki áhyggjur af ölvuðum mönnum sem gætu reynt að hlaupa inn á völlinn.

„Ég held að þeir verði steinsofandi á þessum tíma," segir Örn í léttum tón og bætir svo við: „Það er æðislegt að þessi leikur geti farið fram á þessum tíma." Örn býst við að áhorfendur verði fleiri en 2.600.

„Það verða eflaust einhverjir í skotastúkunni en ef þeir eru innan svæðisins fyrir aftan gömlu stúkuna þá verða þeir bara rukkaðir. Þeir sem eru að fara inn í dal fara í gegnum trekt og það verður öflug gæsla sem stýrir þeim í gegn. Ef menn ætla að komast hjá því að borga inn á leikinn þá verða þeir bara handrukkaðir," segir Örn hlæjandi.

„Það er ekkert að því að vera með leik á Þjóðhátíð. Við fengum einn leik um sjómannadagshelgina, tvo leiki á goslokahelginni og annar þeirra var Evrópuleikur og svo fáum við þennan leik núna," segir Örn kátur og klár í slaginn í dag. Leikur ÍBV og FH hefst klukkan 14.00 og er í beinni á Stöð 2 Sport. - óój



**HERMANN HREIÐARSSON** Þjálfar lið ÍBV.

# Frussaði matnum út úr sér í lestinni

Hótun Hallberu Guðnýjar Gísladóttur um að sturta lukkudýri landsliðsins í klósettið eftir stórt tap gegn Svíum rataði inn á borð dýraverndunarsamtaka. Lærða húsmóðirin fullyrðir að gullfiskurinn Sigurwin lifi góðu lífi. Hún vill að Sigurður Ragnar haldi áfram með landsliðið.

**FÓTBOLTI** Áður en ég kom hingað bjóst ég við að vera að fara lengst út í rassgat. Þetta er hins vegar voðalega huggulegt. Ekki ósvipað að Akureyri," segir landsliðsmaðurinn Hallbera Guðný Gísladóttir. Hún spilar með liði Piteå í sænsku úrvalsdeildinni og hefur búið í samnefndum vinabæ Grindavíkur í Norður-Svíþjóð í rúmlega ár og kann vel við sig.

„Ég er örugglega nyrsti Íslendingurinn í Svíþjóð," segir Hallbera hlæjandi og kannast ekki við annan Íslending í bænum. Katrín Jónsdóttir, félagi Hallberu úr landsliðinu, býr í Umeå, suður af Piteå, og þar eru fleiri landar landsliðsstelpnanna.

Stelpurnar okkar komust í átta liða úrslit á Evrópumótinu í Svíþjóð í júlí en máttu sætta sig við 4-0 tap gegn heimakonum.

„Maður er ennþá bitur eftir Svíaleikinn," segir Hallbera. Allt sem mátti ekki gerast hafi gerst í þeim leik og leiðinlegt hafi verið að enda mótið þannig.

„Okkur gekk samt vel og við gerðum góða hluti í riðlinum. Maður verður að vera jákvæður," segir Hallbera. Jákvæðnin sveif einmitt yfir vötnum hjá stelpunum okkar í Svíþjóð. Þær léku á als oddi, fóru í orðaleiki við blaðamenn og tóku gullfisk ástfóstri og gerðu að lukkudýri.

„Árið byrjaði rosalega illa hjá okkur og mórallinn var ekki sá besti. Það var komin þreyta og pirringur," segir Hallbera og telur flesta leikmenn hafa áttað sig á því að svo mætti ekki vera. „Við tókum liðsfund fyrir mótið og ákváðum að vera rosalega jákvæðar og skemmta okkur. Við vissum að það myndi skipta máli."

### Úr lukkudýri í gallagrip

Gullfiskurinn Sigurwin vakti mikla athygli eftir að íslensku stelpurnar fóru að mæta með fiskinn í viðtöl og höfðu hann með sér inn á völlinn fyrir leiki.

„Fyrir leikinn gegn Svíum voru sænsku blaðamennirnir mjög uppteknir af honum," segir Hallbera sem eru orð að sönnu. Blaðamenn Aftonbladet skelltu mynd af Sigurwini á forsíðu íþróttablaðsins fyrir leikinn gegn Íslandi. Fiskurinn væri það eina sem Svíar þyrftu að hafa áhyggjur af gegn Íslandi.

„Það var auðvitað smá hroki í sænsku blaðamönnunum að einblína á fiskinn," segir Hallbera og bætir við: „En svo var ótrúlega pirrandi að þeir áttu inni fyrir hrokanum."

### Ekkert sushi í mánuð

Eftir að Ísland féll úr keppni skildu leiðir landsliðskvennanna. Hver hélt í sína átt en Hallbera skellti þó einni mynd á samskiptavefinn Instagram áður en lagt var upp í ferðalagið heim til Piteå. „Þessi fer beint í klósettið. Bölvaður svikari," var textinn við myndina þar sem Sigurwin sást í búri sínu og opin klósettskál í bakgrunni.

Daginn eftir sat Hallbera að snæðingi í lest á leið frá Gautaborg til Svíþjóðar.

„Ég sat ein í lestinni



þegar síminn hringdi." Henni var bent á að búið væri að kæra íslensku stelpurnar fyrir dýraníð. Hún hafi talið að um grín væri að ræða en kíkti á netið í símanum sínum. „Ég frussaði út úr mér matnum þegar ég sá þetta."

Í kjölfarið hringdi Ómar Smárason, fjölmiðlafulltrúi KSÍ, í Hallberu og sagði að hún yrði að segja að fiskurinn væri á lífi og að um grín hafi verið að ræða. Síminn hafði ekki stoppað hjá honum vegna málsins.

„Ég gat ekki komið með alvarlega afsökunarbeiðni. Var bara fúl á móti og þóttist ekki ætla að borða sushi í mánuð. Það kom bara ný frétt um það. Þetta var mjög fyndið," segir Hallbera. Hún sver þó að fiskurinn lifi góðu lífi hjá landsliðsmarkverðinum Þóru Helgadóttur í Malmö. Þá hlær hún að ásökunum um að nýr fiskur hafi verið keyptur í stað Sigurwins.

Vinir Hallberu kalla hana Berry í höfuðið á leikkonunni Halle Berry. Hún segir Elísabetu Gunnarsdóttur, fyrrum þjálfara sinn hjá Val og nú þjálfara Kristianstad, eiga heiðurinn af viðurnefninu.

„Þetta byrjaði sem brandari hjá Betu. Hún kallaði mig Cat Woman og Halle Berry." Berry festist við hana en Hallbera segir það ágætt enda eigi útlendingar erfitt með að bera fram Hallbera. Hún er þó engin aðdáandi bandarísku leikkonunnar. „Hún var ágæt í Gothika en hefur annars ekki gert góða hluti."

### Vill Sigga Ragga áfram

Hallbera hefur spilað sem bakvörður hjá Piteå en spilaði áður framar á vellinum. Hún segist hafa orðið að færa sig aftar á völlinn þar sem landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hafi sagt að þar þyrfti hún að spila fyrir landsliðið.

„Ég vildi vera fastamaður í landsliðinu og skipti því um stöðu," segir Hallbera.

Landsliðsþjálfarinn liggur einmitt undir feldi yfir helgina og gerir upp við sig hvort hann vilji halda áfram í starfi.

„Mér finnst hann hafa gert góða hluti með liðið. Ég sé enga ástæðu til þess að skipta um þjálfara."

Lið hennar Piteå situr í 10. sæti af tólf liðum í deildinni og er í mikilli fallbaráttu.

„Við höfum lent í þvílíkri meiðslahrinu og misstum þrjár vegna krossbandameiðsla sem dæmi," segir Hallbera. Liðið hafi nú fengið bæði leikmenn tilbaka úr meiðslum og að láni svo bjartari tímar eru fram undan.

kolbeinntumi@365.is





**SKAGAMÆR** Hallbera, sem er 26 ára, er uppalin á Akranesi og er dóttir Gísla Gíslasonar, fyrrverandi bæjarstjóra. Hún skipti yfir í Val árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Kölluð Halle Berry og leggur á borð

Hallbera er þekkt fyrir að slá á létta strengi og er óhrædd við að fíflast. Hún fór létt með vígsluathöfnina hjá Piteå í fyrra þar sem hún átti að syngja lag.

„Ég bý yfir þeim dulda hæfileika að vera virkilega góð óperusöngkona," segir Hallbera og hlær. Lagið sem verði yfirleitt fyrir valinu sé One Moment in Time með Whitney Houston.

„Þetta byrjaði sem brandari í Val og stelpurnar biðja mig alltaf um að syngja. Ég syng fyrir hvern sem er," segir Hallbera létt. Hún ætti einnig að kunna að taka til hendinni á heimilinu eftir að hafa lært við Húsmæðraskólann

„Ég átti nokkrar valeiningar eftir þegar ég var að klára stúdentinn. Í staðinn fyrir að spila bara bridds skellti ég mér í Húsmæðraskólann," segir Hallbera. Hún segist ekki hafa útskrifast með hæstu einkunn en þó klárað námið.

„Ég er með próf í að leggja á borð, vinda tuskur og fleiru," segir bakvörðurinn brosmildi.

# Aðeins tvær lengri sigurgöngur í allri bikarsögunni

Stjörnumenn stöðvuðu þrettán leikja sigurgöngu KR-inga í Garðabænum á fimmtudagskvöldið.

**FÓTBOLTI** Sigur Stjörnumanna á KR-ingum í undanúrslitaleik Borgunarbikarsins á fimmtudagskvöldið batt enda á eina lengstu sigurgönguna í 53 ára sögu bikarkeppninnar. KR-ingar voru nefnilega aðeins tveimur bikarsigrum frá því að jafna met KR-liðsins frá sjöunda áratugnum. KR vann fimmtán fyrstu bikarleiki sína á árunum 1960 til 1965.

